

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun meðal íbúa úthverfa dags. 13. september 2018

Á fundi borgarráðs þann 13. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun meðal íbúa úthverfa - R18090111

Lagt er til að borgarráð samþykki að láta gera könnun meðal íbúa úthverfa Reykjavíkur um hversu oft þeir sækja miðbæinn 101 og í hvaða tilgangi s.s. til að sækja þangað vinnu eða sækja þangað í öðrum tilgangi en vinnu t.d. til skemmtunar/nýta veitingastaði.

Með bréfi dags. 20. september var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og verkefnastjóra miðborgarmála.

Verkefnastjóri málefna miðborgar telur mikilvægt að kanna viðhorf til miðborgarinnar en slíkt er í samræmi við stefnu miðborgarmála og aðgerðaráætlunar með henni um að efla skuli miðborgartengdar rannsóknir.

Nú þegar er verið að framkvæma ýmsar kannanir um miðborgartengd málefni, þar má til að mynda nefna að Miðborgarsjóður Reykjavíkurborgar hefur veitt Miðborginni okkar, félagi rekstraraðila í miðborginni, styrk sem m.a. er ætlað að nota til að framkvæma viðhorfskannanir. Í þeim viðhorfskönnunum mun t.d. vera rannsökuð aðsókn íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem og öllu landinu í miðborgina. Þá má einnig nefna að framkvæmdar hafa verið kannanir á vegum Maskínu, annarsvegar þar sem spurt er hversu oft viðkomandi sækir þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur og hins vegar þar sem kannað er viðhorf gagnvart göngugötum, hjálagðar eru niðurstöður beggja kannananna.

Nú stendur til að gera könnun vegna tilkomu og opnun Hafnartorgs en sú könnun er í umsjá Regins og Samtaka verslunar og þjónustu. Könnunin á að kanna flæði íbúa höfuðborgar til og frá miðborginni ásamt því að kanna hvar og hversu oft borgarþátttakendur sækja verslun og þjónustu í miðborgina. Þá hefur verkefnastjóri miðborgarmála óskað eftir aðgangi að gögnum úr Neyslu og lífsstílskönnun Gallups en þar liggja fyrir niðurstöður hvar Íslendingar sækja verslun og þjónustu eftir hverfum.

Samkvæmt hjálagðri skýrslu Íslandsbanka eru flest lítil og meðalstór fyrirtæki í miðborginni eða í póstnúmeri 101 og fylgja síðan póstnúmerin 105 og 108 fast á eftir. Engar tölur liggja fyrir um fjöldi starfsmanna í þessum póstnúmerum né öðrum og er það því áhugavert rannsóknarefni ásamt því að kanna almennt búsetu og staðsetningu vinnustaðar og síðan hvar og hvert íbúar sækja sér verslun og aðra þjónustu. Í því samhengi hlýtur þó að teljast gagnlegra að gera viðameiri rannsókn um flæði borgarþátttakenda milli hverfahluta og gætu niðurstöður slíkrar kannanna verið nýtsamlegar þvert á svið

borgarinnar.

Það er álit verkefnastjóra miðborgarmála að nú þegar sé verið að framkvæma ýmsar gagnlegar kannanir á miðborgartengdum málefnum og að bíða eigi eftir niðurstöðum fyrirhugaðra rannsókna áður en ákvörðun er tekin um gerð fleiri kannanna.

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir
verkefnastjóri miðborgarmála

Hjálagt:

Könnun Maskínu um sumargötur, dags. 2017.

Könnun Maskínu um göngugötur, dags. 2017.

Keyrir þú áfram hagvöxt?, skýrsla Íslandsbanka, dags. 12. september 2018.




HELMINGUR ÍSLENDINGA ÁNÆGÐUR MEÐ SUMARGÖTUR Í REYKJAVÍK

- Hátt í 52% Íslendinga eru ánægðir með sumargötur í Reykjavík en slétt 22% eru óánægð með þær. Spurt var „Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gatna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?“. Sömu spurningar var spurt í fyrra og þá voru heldur fleiri ánægðir með sumargötunarnar eða slétt 60%.
- Konur eru ánægðari með sumargötunarnar en karlar. Tæplega 55% kvenna eru ánægð með sumargötur en milli 48% og 49% karla. Þónokkur munur var á svörum eftir aldri en eftir því sem fólk er yngra er það ánægðara með sumargötunarnar. Þannig eru rúmlega 65% þeirra sem eru yngri en 25 ára ánægðir með sumargötur en í eldri aldurshópum lækkar hlutfallið niður í rúmlega 41% hjá þeim sem eru 55 ára og eldri. Ekki er munur á viðhorfi eftir búsetu eða tekjum einstaklinga.
- Töluverður munur er á viðhorfi til sumargatna eftir því hvaða stjórnmálaflokk fólk myndi kjósa í dag. Þannig eru aðeins um 30% kjósenda Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins ánægðir með sumargötur á meðan það er töluvert meiri ánægja meðal kjósenda Vinstri grænna, Samfylkingunnar, Pírata, Vindreisnar og Bjartrar framtíðar en á bilinu 61-83% kjósenda þeirra flokka eru ánægðir með sumargötur.
- Einnig var spurt „Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur“. Að meðal tali sækja Íslendingar þjónustu eða verslun í miðborgina 6,14 sinnum í mánuði sem er svipað og í fyrra.
- Ekki er munur á viðhorfi til sumargatna eftir því hversu oft fólk sækir þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur sem kemur á óvart því í fyrra var meiri ánægja með sumargötunarnar eftir því sem fólk sótti oftari þjónustu eða verslun í miðborgina. Ánægja með sumargötunarnar hefur minnkað meðal þeirra sem sækja þjónustu eða verslun í miðborgina 1 sinni eða oftari í mánuði. Mesti munurinn milli ára er hjá þeim sem sækja þjónustu eða verslun í miðborgina 2-8 sinnum í mánuði, í fyrra voru milli 71% og 72% þeirra ánægðir með sumargötunarnar en í ár hefur hlutfallið lækkað niður í tæplega 47%.
- Svarendur voru 827 talsins, koma úr *Þjóðgátt Maskínu*, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staða að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá og endurspeglar því þjóðina þrýðilega. Könnunin fór fram dagana 9. maí til 17. 2017.
- Ná nari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá thora@maskina.is.




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gatna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?





Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur?






Ánægja með sumargötur eftir því hversu oft er farið í miðbæinn

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gagna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?

■ Ánægð(ur) ■ Í meðallagi ■ Óánægð(ur)




Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur?

ÁNÆGJA MEÐ SUMARGÖTUR




Sp. 1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gatna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	245	31,0
Fremur ánægð(ur) (4)	163	20,6
Í meðallagi (3)	208	26,3
Fremur óánægð(ur) (2)	84	10,7
Mjög óánægð(ur) (1)	90	11,4
Gild svör	791	100,0
Gildir svarendur	791	95,7
Svöruðu ekki	36	4,3
Heildarfjöldi	827	100,0



Meðaltal	3,49
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,09
Staðalfrávik	1,33



Marktækur munur er á meðaltali milli ára skv. t-prófi ($p < 0,05$).

Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög ánægð(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög óánægð(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.

ÁNÆGJA MEÐ SUMARGÖTUR



Sp. 1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gatna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?

	Gild svör		Í meðallagi		Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	Ánægð(ur) %	%	Óánægð(ur) %	
Allir	791	51,7	26,3	22,0	3,49 -0,24
Kyn*					
Karl	389	48,5	24,7	26,8	3,35 -0,19
Kona	402	54,7	27,9	17,4	3,63 -0,28
Aldur*					
Yngri en 25 ára	103	65,2	24,1	10,7	3,89 0,05
25-34 ára	157	54,7	34,2	11,1	3,75 -0,37
35-44 ára	148	50,7	28,0	21,3	3,51 -0,33
45-54 ára	141	57,3	18,1	24,7	3,52 -0,05
55 ára og eldri	242	41,3	25,8	32,9	3,13 -0,30
Búseta					
Reykjavík	297	58,9	18,5	22,7	3,62 -0,36
Nágr.sveitarfélög Rvk.	212	45,4	26,6	28,0	3,32 -0,13
Suðurland og Reykjanes	101	38,8	43,9	17,3	3,35 -0,53
Vesturland og Vestfirðir	52	54,6	27,0	18,4	3,57 0,06
Norðurland	90	55,2	28,7	16,1	3,58 -0,03
Austurland	39	52,4	31,9	15,7	3,58 -0,17
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	122	57,9	22,4	19,8	3,64 -0,29
400-549 þúsund	95	57,2	22,6	20,2	3,62 0,06
550-799 þúsund	145	48,4	33,3	18,3	3,56 -0,27
800 þúsund eða hærrí	253	58,6	18,4	23,0	3,55 -0,28

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

ÁNÆGJA MEÐ SUMARGÖTUR



Sp. 1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gatna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?


	Gild	Ánægð(ur)	Í meðallagi	Óánægð(ur)			Breyting frá fyrri mælingu
	svör						
	Fjöldi	%	%	%			
Allir	791	51,7	26,3	22,0		3,49	-0,24
Hjúskaparstaða							
Gift/Kvæntur/Í sambúð	521	52,9	24,4	22,8		3,48	-0,20
Einhleyp(ur)	126	51,5	20,0	28,5		3,46	-0,51
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	56	52,6	30,2	17,2		3,48	-0,19
Heimilisgerð							
Ein(n) á heimili	89	52,6	18,9	28,5		3,45	-0,49
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn	242	54,1	29,0	16,9		3,61	-0,32
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	73	53,7	21,0	25,3		3,42	-0,24
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	290	51,5	21,8	26,7		3,40	-0,11
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*							
Bjarta framtíð	18	60,7	28,2	11,1		3,92	-0,26
Framsóknarflokkinn	40	30,9	31,4	37,7		2,87	0,10
Pírata	53	73,1	12,2	14,7		3,99	-0,24
Samfylkinguna	55	83,4	11,0	5,6		4,26	-0,13
Sjálfstæðisflokkinn	119	29,9	28,1	42,0		2,83	-0,31
Viðreisn	28	73,6	13,1	13,3		3,94	
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	134	66,7	21,8	11,5		3,88	-0,32
Veit ekki	151	50,2	30,7	19,0		3,48	
Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur?							
Sjaldnar en 1 sinni í mánuði	204	54,8	32,0	13,2		3,59	0,02
1-2 sinnum í mánuði	147	58,5	22,0	19,5		3,72	-0,04
2-8 sinnum í mánuði	108	46,8	29,2	24,0		3,39	-0,63
Oftar en 8 sinnum í mánuði	127	68,4	8,1	23,5		3,83	-0,35

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).




Sp. 2. Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur?

	Fjöldi	%
Oftar en 8 sinnum í mánuði	127	21,3
2-8 sinnum í mánuði	108	18,1
1-2 sinnum í mánuði	147	24,6
Sjaldnar en 1 sinni í mánuði	214	36,0
Gild svör	596	100,0
Gildir svarendur	596	72,1
Svöruðu ekki	230	27,9
Heildarfjöldi	827	100,0



Miðgildi	1
Tíðasta gildi	1
Meðaltal	6,14
Vikmörk á meðaltalið	+/-1,02
Staðalfrávik	12,72



Ekki er marktækur munur á meðaltali milli ára skv. t-prófi.

Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Oftar en 8 sinnum í mánuði“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Total“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

TÍÐNI FERÐA Í MIÐBORGINA



Sp. 2. Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur?

	Gild svör	Oftar en 8 sinnum í mánuði	2-8 sinnum í mánuði	1-2 sinnum í mánuði	Sjaldnar en 1 sinni í mánuði	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%	%	
Allir	596	21,3	18,1	24,6	36,0	6,14
Kyn*						
Karl	283	23,7	18,7	25,1	32,5	7,35
Kona	313	19,2	17,4	24,2	39,1	5,05
Aldur*						
Yngri en 25 ára	85	38,9	22,6	23,9	14,6	11,07
25-34 ára	135	17,8	14,7	27,7	39,8	5,80
35-44 ára	123	15,9	18,7	26,3	39,1	3,80
45-54 ára	112	21,9	16,9	19,2	41,9	6,69
55 ára og eldri	141	18,5	18,9	25,0	37,6	5,08
Búseta*						
Reykjavík	235	38,9	16,2	22,1	22,8	10,92
Nágr.sveitarfélög Rvk.	170	14,9	25,6	28,1	31,4	4,33
Suðurland og Reykjanes	62	0,9	11,4	33,7	54,0	1,32
Vesturland og Vestfirðir	42	8,3	25,9	23,4	42,4	2,89
Norðurland	60	0,0	6,7	19,8	73,5	0,71
Austurland	28	23,9	15,0	16,9	44,2	4,25
Fjölskyldutekjur						
399 þúsund eða lægri	89	32,3	17,1	25,7	24,9	7,82
400-549 þúsund	67	17,7	7,5	26,0	48,9	3,95
550-799 þúsund	107	12,1	18,3	32,5	37,1	4,35
800 þúsund eða hærrí	209	25,8	15,6	20,1	38,5	6,97

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 2. Hversu oft sækir þú þjónustu eða verslun í miðborg Reykjavíkur?

	Gild	Oftar en 8	2-8 sinnum í	1-2 sinnum í	Sjaldnar en 1	Breyting frá fyrri mælingu
	svör	sinum í mánuði	mánuði	mánuði	sinni í mánuði	
	Fjöldi	%	%	%	%	
Allir	596	21,3	18,1	24,6	36,0	6,14
Hjúskaparstaða*						
Gift/Kvæntur/Í sambúð	397	18,8	17,5	24,1	39,6	4,84
Einhleyp(ur)	100	31,6	12,6	28,9	27,0	11,65
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	39	22,3	19,3	20,4	37,9	5,92
Heimilisgerð*						
Ein(n) á heimili	62	31,3	16,8	20,5	31,4	12,32
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn	192	14,4	20,0	23,0	42,6	4,12
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	60	21,2	6,9	42,5	29,3	5,26
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	214	25,7	15,9	23,0	35,5	6,66
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?						
Bjarta framtíð	15	22,5	20,4	24,8	32,3	4,93
Framsóknarflokkinn	21	19,3	5,4	8,9	66,4	2,51
Pírata	40	28,9	27,0	26,6	17,5	10,06
Samfylkinguna	47	29,5	23,4	17,0	30,0	6,61
Sjálfstæðisflokkinn	85	18,5	20,8	16,8	43,8	6,43
Viðreisn	25	27,2	12,9	40,8	19,1	6,56
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	112	26,5	10,0	28,3	35,2	8,11
Veit ekki	117	14,0	17,5	28,6	39,9	3,51

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).



REYKJAVÍKURBORG
GÖNGUGÖTUR

JÚLÍ 2017



AÐFERÐ

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

SP1: VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA	
SP2: ÁSTÆÐUR VIÐHORFS	
SP3: TÍMABIL GÖNGUGATNA	
SP4: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á MANNLÍF	
SP5: AÐSÓKN AÐ GÖNGUGÖTUSVÆÐINU	
SP6: TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ	

BLS. 3

BLS. 4

BLS. 10

Bls.

10

14

31

34

37

40



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Reykjavíkurborg**. Hún er um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna miðborgarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem hún er framkvæmd.

Könnunin var lögð fyrir Reykvíkinga í Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. Panel) sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu dagana 12 - 24. júlí 2017. Svarendur eru af báðum kynjum á aldrinum 18-75 ára úr öllum pósthúmerum Reykjavíkurborgar. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru **732** og voru gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldur og búsetu (pósthúmera) í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 27. júlí 2017.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Birgir Rafn Baldursson

Hrefna Hjartardóttir

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í krin gum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítil munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.


T-próf er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja hópa þegar svörin eru á kvarða.

ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur ýmist verið nefnt ferveikagreining eða dreifigreining á íslensku. ANOVA er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja eða fleiri hópa þegar svörin eru á kvarða.

Ki-kvaðrat próf er notað er til að meta hvort marktækur munur sé á tveimur eða fleiri hópum þegar svörin eru ekki á kvarða.



1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?





3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?

■ Ég er alfarið á móti göngugötum
 ■ Of langt
 ■ Hæfilegt
 ■ Of stutt
 ■ Ég vil göngugötur allt árið





4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?





Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?



Meðaltal	4,05
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,08
Staðalfrávik	1,13























Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög jákvæð(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög neikvæð(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjömumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

	Gild	Fremur		Í meðallagi	Neikvæð(ur)		
	svör	Mjög jákvæð(ur)	jákvæð(ur)		Neikvæð(ur)		
	Fjöldi	%	%	%	%		
Allir	701	46,1	28,4	13,2	12,3		4,05
Kyn*							
Karl	347	42,8	26,2	16,7	14,3		3,92
Kona	354	49,5	30,4	9,8	10,3		4,17
Aldur*							
Yngri en 25 ára	74	23,9	41,5	6,7	27,9		3,62
25-34 ára	140	59,7	22,3	13,3	4,7		4,34
35-44 ára	130	58,0	22,3	9,5	10,1		4,24
45-54 ára	137	45,9	28,8	13,0	12,2		4,04
55 ára og eldri	219	38,1	31,1	17,8	13,1		3,89
Hverfi*							
101-Miðborg	102	71,9	11,5	6,8	9,8		4,39
103-Kringlan	9	33,0	25,1	25,4	16,5		3,66
104-Laugardalur	48	37,0	37,7	14,1	11,3		3,94
105-Hlíðar	104	58,4	29,8	5,1	6,7		4,37
107-Vesturbær	58	54,8	14,8	15,5	14,9		4,10
108-Fossvogur	61	44,0	34,5	12,9	8,6		4,11
109-Neðra Breiðholt	59	24,1	49,2	14,3	12,5		3,82
110-Árbær	68	50,5	27,0	17,1	5,4		4,23
111-Efra Breiðholt	52	28,0	23,0	17,3	31,7		3,40
112-Grafarvogur	97	29,6	35,2	18,6	16,5		3,73
113-Grafarholt	31	42,9	34,2	14,3	8,6		4,09
116-Kjalarnes	12	41,7	16,7	25,0	16,7		3,83

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

	Gild svör	Mjög jákvæð(ur)	Fremur jákvæð(ur)	Í meðallagi	Neikvæð(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	%	
Allir	701	46,1	28,4	13,2	12,3	4,05
Menntun*						
Grunnskólapróf	104	34,0	27,7	14,5	23,9	3,65
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	210	33,8	32,8	20,3	13,1	3,83
Háskólapróf	359	58,4	24,6	7,6	9,4	4,29
Fjölskyldutekjur*						
399 þúsund eða lægri	117	47,6	29,6	13,7	9,1	4,14
400-799 þúsund	213	40,2	30,0	13,5	16,2	3,91
800 þúsund eða hærrí	258	53,8	24,8	10,2	11,2	4,17
Hjúskaparstaða						
Gift/Kvæntur/Í sambúð	457	48,0	27,7	13,0	11,3	4,08
Einhleyp(ur)	162	44,4	26,4	13,3	15,9	3,98
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	58	45,4	31,4	8,4	14,8	3,99
Finnt þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?*						
Ég vil göngugötur allt árið	79	87,3	5,9	5,9	0,8	4,79
Of stutt	62	79,0	9,9	0,0	11,1	4,57
Hæfilegt	322	53,6	35,2	10,7	0,5	4,42
Of langt	181	15,0	39,4	22,7	22,8	3,44
Ég er alfarið á móti göngugötum	37	0,0	0,0	3,8	96,2	1,49
Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?*						
Mjög jákvæð	301	85,5	13,2	1,1	0,2	4,84
Fremur jákvæð	239	25,7	60,3	10,5	3,4	4,08
Í meðallagi/Neikvæð	136	1,0	5,9	40,9	52,3	2,40

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

	Gild svör		Fremur	Í meðallagi	Neikvæð(ur)	
	Mjög jákvæð(ur)	Fjöldi	jákvæð(ur)		%	
Allir	46,1	701	28,4	13,2	12,3	4,05
Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?*						
Já	50,9	559	28,4	9,0	11,7	4,14
Nei	28,2	127	29,1	27,5	15,3	3,68
Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*						
Sjaldnar en mánaðarlega	28,6	165	26,0	26,4	19,0	3,61
1-3 sinnum í mánuði	42,4	287	36,3	9,3	12,0	4,05
Vikulega eða oft	63,7	233	20,9	6,7	8,7	4,35

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

101 - Miðbær

- Göngugötur eiga að vera eingöngu göngugötur ekki bara í einhvern ákveðinn tíma.
- Vegna veðurfars á Íslandi þarf að vera hægt að aka um þessar götur.
- Það lokar miðborgina af frá almennum borgurum og gerir hana bara að túristastað.
- Þetta gerir vinnuna mína mjög erfiða oft, þarf að bera þunga hluti mjög langa vegalengdir vegna þessa þó ég kem bíl ekki að.

103 - Kringlan

- Götur eru fyrir farartæki, og eiga auðvelda fólki að koma til að sækja þjónustu og á milli staða.

104 - Laugardalur

- Mér finnst miðbærinn heilla lítið eftir að túristaæðið greip okkur og geri mér því aldrei ferð þangað fótgangandi. Mér finnst hinsvegar gaman að keyra þar í gegn og þá sérstaklega um helgar, en það er ekki hægt lengur og ég er því alfarið hætt að fara þangað. Ég er nokkuð viss um að það eru fleiri í mínum sporum og því ímynda ég mér að þetta dragi úr aðsókn í miðbæinn, sérstaklega hjá heimamönnum. Ég sé líka bara ekki tilganginn? Það eru gangstéttar þarna, notum þær?
- Slæmt ef þú þarft að skjólast í verslun. Dregur úr verslun Íslendinga í miðbænum.
- Tálmi á verslun og þjónustu. Skapar mismunun milli íbúa í nærumhverfi og úthverfum.

105 - Hlíðar

- Betra að ferðast á bíl.
- Bruðl á almannafé.
- Erfitt að komast í búðir fyrir fólk sem á erfitt með að ganga.
- Erfitt fyrir fatlaðan einstakling að komast ferða sinna.

108 - Fossvogur

- Ég vil geta þ komist sem lengst á bílnum mínum þar sem ég á ungabam og er slæm líka mlega. Þetta gerir mér erfitt fyrir og þá forðast ég miðborgina algerlega á sumrin.
- Vinnandi fólk hefur minni tíma til útréttingar í miðbænum en þeir sem ekki eru vinnandi.
- Þeir sem eiga erfitt með gang sjá aldrei miðbæinn, enda er þetta bara gert fyrir túrista og 101 fólk.

109 - Neðra Breiðholt

- Ekki gott fyrir verslanir (þær fáu sem eru eftir), veikt og aldrei fólk sem vill fara á gamla rúntinn og sjá mannlífið og það er ekki möguleiki. Þessar lokanir duga best fyrir bjórsullarana í góðu veðri.
- Skaðar verslun í miðbænum.

111 - Efra Breiðholt

- Farflama fólki er með þessum gjörningi meinaður aðgangur að miðborginni. Bílaumferð verður alltaf til hér á landi og umferðin fer bara aðrar leiðir. Hún hættir ekki að vera till!!
- Þarf að komast leiðar mi nna kandi.

112 - Grafarvogur

- Erfitt fyrir bíla fyrir fatlaða.
- Ég ferðast um á bíl og er mjög ósátt við hversu götur í Reykjavík eru látnar grotna niður. Að allt fjármagn fari í hjólastíga er fátíðlegt. Lokanir á einstaka götum og takmarkanir á allt sem heitir bílar hjá borgaryfirvöldum er komið langt út fyrir öll velsæmismörk. Hlakka mjög til að kjósa um nýja forystu í borginni.
- Göturnar eru svo tómar flest alla daga þegar rignir, allt í lagi að loka þegar það er gott veður.

113 - Grafarholt

- Lítið líf og kemur niður á búðareigendum. Mun minni sala og Laugarvegurinn sjálfur á að vera opin.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

101 - Miðborg

- Mér þykir óþægilegt að komast ekki niður Laugaveg og Bankastræti á bil heldur verða að taka á mig ýmsar krókaleiðir til að komast á leiðarenda, sérstaklega er þetta óþægilegt þegar miðbærinn er svo fullur af gangandi túristum að ekki verður þvefótað fyrir þeim. Hér er túrisminn orðinn of mikill finnst mér. Fáeinir græða á þeim en öðrum er hann til óþufar.
- Þær gera gestum erfiðara fyrir að finna stæði og gera fyrir tækjæigendum erfiðara fyrir að fá vörur til sín.

103 - Kringlan

- Of stóru svæði lokað.

104 - Laugardalur

- Veðurfarið á Íslandi.
- Vegna þess að þeir sem eiga erfitt með að komast gangandi geta illa sótt þá þjónustu sem er við göngugötuna.

105 - Hlíðar

- Enn erfiðara að finna bílastæði.
- Ég er hreyfihömluð og þarf kannski að komast á einhvern ákveðinn stað í lokaðri götu fyrir bílinn minn og get ekki gengið langt. Heldur ekki hægt að fá merkt stæði fyrir fatlaða. Get ekki gengið langt og ekki tekið strætó. Þess vegna er ég ósátt við að loka t.d. Laugavegi.
- Umferðartafir skert aðgengi.
- Vegna þess að þá kemst ég ekki um götumar á bílnum mínum, en þær voru gerðar fyrir bíla og hafðar gangstéttir beggja vegna fyrir gangandi fólk.
- Vil hafa umferðina eins og vanalega.
- Vinn sem vörubílstjóri setur pressu á mig að koma á tilsettum tíma áður en lokar. Viðskiptavinir finna mun á tímasetningum í seinna lagi og fæ fleiri sektir.

107 - Vesturbær

- Breytt skilpulag á akstursleiðum er frekar þirrandi.

108 - Fossvogur

- Erfitt að reka erindi í miðbænum þegar leggja þarf langt frá áfangastað.
- Má hafa opið um helgar.
- Slæmt aðgengi fyrir fótgangandi.
- Vegna þess að ég á húseign á svæðinu sem er með öllu óaðgengileg vegna þessarar vitleysu.

109 - Neðra Breiðholt

- Gerir erfitt að komast um.
- Laugarvegi og Skólavörðustíg á ekki að loka.
- Þetta er of langur tími og of stór hluti borgarinnar lokaður.

110 - Árbær

- Af því að það er mjög sjaldan veður til að njóta. Og þirrar mig ef ég þarf að leita í búð sem er á þessum götum og það er leiðinlegt veður.
- Er öryrki og kemst ekki umgangandi.
- Ég vil geta komist um miðbæinn á mínum bíl.
- Það á að vera möguleiki að rúnta Laugaveg/Bankastræti hvort sem er yfir sumartímann eður ei.

111 - Efra Breiðholt

- Á erfitt með gang.
- Bara það má lveg hleypa bílum þar í gegn alla vega í miðri viku.
- Sé ekki þörfina. Nógu erfitt að ferðast í gegnum þennan glataða miðbæ fyrir.
- Truflar flutninga að ver slun.
- Það er óþarfi. Það er nóg af gangstéttum þar, og það heftir enn frekar að komu þeirra sem þurfa að þjónusta miðbæinn þ.e. verslanir, veitingarhús og þess háttar.
- Það eru hvort eð er endalausar framkvæmdir, þar með ekkert varið í að labba um miðbæinn. Nema jú fyrir túristana kannski.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú **fremur neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

112 - Grafarvogur

- Á erfitt með gang.
- Bý í efri byggð og þarf stundum að skjótast í búðir þar. Kem ekki til að ganga mikið í miðbænum.
- Erfiðara að ferðast um miðbæinn á tímum þegar flestir þurfa að ferðast um miðbæinn.
- Erfiðara aðgengi eigi maður erindi í miðbæinn. Í raun nennir maður ekki að fara þangað á þessum tíma.
- Hindra aðgengi að svæðum vegna takmarkana á bílaumferð.
- Tel þetta hafa slæm áhrif fyrir verslanir sem eru á þessu svæði. Missa líka auglýsingar á vörunum í gluggunum.
- Vegna fátæðs fólks sem á erfitt með að ganga.
- Vegna þess að það er hvergi hægt lengur að leggja bæ í miðbænum og verður til þess að það er ekki hægt að ganga þar um. Það eiga ekki allir heima í miðbænum.
- Það er ekki hægt að þrengja að bílnum endalaust á kostnað þjónustuaðila.

113 - Grafarholt

- Hægt að hafa hæga umferð því það er fullt af fólki sem á erfitt með gang.
- Komið út í algjöra vitleysu.
- Tel að það hafi áhrif á verslun. Einnig er ég af gamla skólanum og finnst gaman að keyra niður þessar götur og skoða mannlífið.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

101 - Miðborg

- Er alvegsama.
- Finnst Lagav. mætti vera opinn í fúlu veðri.
- Getur verið önuget að ferðast um miðbæinn og þjóna litlum tilgangi ef veður er leiðinlegt.
- Göngugötur virðast vera fyrir túrhesta ekki okkur sem erum eldri.

103 - Kringlan

- Bara.
- Fer ekki í miðbæinn.

104 - Laugardalur

- Er ekkert að þvælast þarna þannig að ég hef ekki sterka skoðanir á því.
- Hef litla skoðun á því, en allt í lagi.
- Vil að einhver hluti af götu sé göngugata allt árið.
- Því mér finnst gott og gaman að keyra niður Laugaveg og Bankastræti.

105 - Hlíðar

- Annað hvort er þetta göngu gata eða þetta er ekki göngugata, ef þetta er alltaf göngugata þá lærir maður að keyra í kringum hana, en þetta, rugl stundum og stundum ekki bara gerir mann BARA pirraðan.
- Er á móti því að Laugavegi sé lokað með þessum hætti.
- Finnst þetta jákvætt fyrir ferðamenn en sem íbúi í Reykjavík sæki ég ekki neina þjónustu í miðborgina þar sem mjög lítið er af bílastæðum. Flokkast undir vesen að fara niður í bæ.
- Fínt í góðu veðri annars ekki.
- Mér er alveg sama en það er ekki í boði að velja það.
- Skiptir mig í raun engu.

107 - Vesturbær

- Einfaldlega út af því að þetta eru bara hálfgerðar göngugötur. Allt of mikil umferð af hliðargötum.
- Fer mjög lítið niður í bæ þannig að lokunin hefur engin áhrif á mig.
- Hefur engin áhrif á mig.
- Mætti skipuleggja betur enda allt sprungið af fólki.
- Stundum erfitt að finna hjáleidir.
- Vegna þess að ég kysir að hafa ástandið varanlegt hvort sem er opnun eða lokun og ekki að hringla með það.

108 - Fossvogur

- Breiðar gangstéttir og hægur akstur bifreiða eiga að geta tryggt sambýli gangandi og akandi vegfarenda.
- Ekki viss með Laugavegin. Annað fínt.
- Fer lítið í miðborgina yfir sumartímann orðin þreytt á túristum.
- Minnkandi umferð Íslendinga um þær götur.
- Veit ekki.
- Þetta gerir skemmtilega stemmningu fyrir þá sem vilja ganga þessar götur en jafnframt þeim sem eiga erfiðara fyrir að ganga erfitt fyrir.

109 - Neðra Breiðholt

- Ekki sannfærður um að bann á bílinn sé lausnin.
- Götur eru umferðaaðar því á öllum umferðum að geta farið þar um.
- Hef ekki mikla reynslu af götunum þar sem ég fer sjaldan á þá staði.
- Til að göngugata sé jákvæð þarf að vera eitthvað að gerast þar. Gleðilegar og jákvæðar upptækur.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

110 - Árbær

- Ekki gott gagnvart fötluðum og eldra fólki.
- Erfitt að komast upp á bíl.
- Ég fer aldrei niður í bæ eða afar sjaldan kannski 1 - 2 á ári.
- Fer sjaldan í miðborgina og á þar að leiðandi erfitt með að hafa skoðun á málefnum hennar.
- Finnst það passlegt á sumrin.
- Meiri fólksfjöldi fer samt ekki mikið þangað.
- Nota ekki götur í miðborginni!
- Útaf því ég spái ekki í svona hlutum.
- Veðrið er ekki oft þannig að maður sprangað um göngugötur.
- Verður stundum hugsað til þeirra sem komast illa um gangandi, eins og fötluðum, einnig um hugsunarefni að á Íslandi er allra veðra von og þá er gott að geta ferðast sem næst viðkomandi áfangastað, við búum ekki við sömu veðursæld og margir erlendis og það virðist mikið gleymast í skipulaginu.
- Vil komast akandi um.
- Þetta skiptir mig engu máli.
- Þetta skiptir mig litlu máli, fer bara ekkert í miðbæinn.
- Þrengir að öðrum götum skapar öngþveiti og hindrar fólk að ganga sem þarf þess með.

111 - Efra Breiðholt

- Ég er frekar á bíl þarna um miðbæinn heldur en fótgangandi.
- Skiptir mig engu máli.

112 - Grafarvogur

- Ef ég er í miðbænum þá er ég helst gangandi.
- Erfitt að komast um borgina ef maður er á bíl. Mér líkar ekki forræðishyggi og bílastæðin eru ekki á hverju strái.
- Ég er akandi, kem langt að.
- Ég hef enga skoðun gagnvart miðbænum. Fer örsjaldan niðri miðbæ.
- Fer sjaldan í miðbæinn.
- Get bæði skilið þá sem vilja geta gengið í friði fyrir bílum, en einnig hina sem eiga erfitt um gang og þurfa eða langar til að komast um þessar götur.
- Hentar ekki öllum. Ekki allir vel gangfærir og svo þurfa kaupmenn að komast að með vörur.
- Of mikið rask og hringl frá því venjulega og spillir fyrir verslun á svæðinu.
- Það er erfiðara fyrir fólk með hreyfihömlun að komast að fyrirtækjum.
- Því stundum mundi ég vilja geta keyrt þær og stundum mundi ég vilja labba þær.

113 - Grafarholt

- Forðast miðbæinn vegna bílastæðaskorts.
- Mér finnst það skerðing að geta ekki ekið með fólk á þessum götum og einnig að verslani r missa tekjur vegna þessa.
- Þessar lokanir hafa gengið of langt. Búið að útiloka aðgengi borgarbúa frá miðborginni og eyði leggja allar séerverslanir!

116 - Kjalarnes

- Lokanir gatna valda flækjum.
- Of langur tími. Mætti vera 3,5 til 4 mín.
- Samkvæmt landslögum ber öllum stofnunum að tryggja aðgengi fatlaðra auk þess sem almennir þjónustu aðilar eru m.a. hvattir til þess sama. Það er því ekki sjálfgefið að lokum gatna í þetta stórum mæli veiki kátínu allra þeirra sem komast illa um fótgangandi.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

101 - Miðborg

- Bý í miðbænum og líkar vel við þetta fyrirkomulag, hávaði og mengun af bílum.
- Finnst þurfa að minnka umferð í miðborginni almennt.
- Gott fyrir gangandi, erfitt fyrir rekstraraðila.
- Kósý að ganga á göngugötum.
- Lífgar upp á miðborgarlífið.
- Meira pláss fyrir fólk.
- Meira pláss fyrir fótgangandi.
- Mjög þægilegt að geta gengið án þess að hafa bílaumferð, tek fram ég er ekki á mótum bílum í borginni.
- Skemmtileg götumening.
- Skemmtilegra að nýta náttúruvænni farkosti.
- Skemmtilegt að marka ákveðin árstíðarskipti. Svona eins og draga sumarfötin fram og setja vetrarfötin aftast.
- Skemmtilegt ef veður er gott, en óþægilegt ef veður er leiðinlegt.
- Það er skemmtilegra að ganga um götumar þegar bílamir eru ekki þar og upp á gangstéttum.
- Það eykur á byggilega fjölbreytileikann í mannlífinu í miðborginni.
- Það skapar ákveðin stemning í göngugötum.

103 - Kringlan

- Meira líf.
- Mér finnst skemmtilegt andrúmsloft á göngugötunum þar sem minna er um bíla og meira um fólk.
- Umferðin í borginni mikil og við þurfum að minka bílaumferð þar.

104 - Laugardalur

- Af því að það lýsir skoðun minni best.
- Aukið mannlíf.
- Bara ágætt að geta labbað öruggur um svæðið.
- Bílana úr helstu verslunargötum.
- Ég er ekki í borginni yfir sumarið.
- Fólk er meira gangandi yfir sumartímann því þá er yfirleitt betra veður en á vetuma. Bílaumferð í Reykjavík er það mikil að mér finnst allt í lagi að takmarka hana við ákveðin svæði yfir sumarið. Sérstaklega finnst mér að rútur ættu að vera undanskildar. En svo hafa íbúar á þessum svæðum e.t.v. allt aðra skoðun sem ég skil líka.
- Fólk í forgangi stað bíla þar sem það þarf þess og það kemur að notum.
- Gaman af þessu.
- Gangstéttir anna ekki mannfjöldanum.
- Gott að fá meiri mannlífsstemningu.
- Gott að röltu um með enga umferð.
- Huggulegra að hafa ekki brunandi bíla út um allt.
- Hvetur fólk til þess að ganga um miðbæinn í stað þess að keyra.
- Meira mannlíf.
- Minnka umferð.
- Ska þar góða stemningu og minnkar bílamengun.
- Ska þar jákvæða stemningu.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

105 - Hlíðar

- Auðveldar aðgengi gangandi.
- Er hlynt göngugötunum en það getur verið ergjandi þegar maður þarf að komast um á bíl á svæðinu þegar helmingurinn af götunum er göngugata og hinn helmingurinn einstefnugötur. Vandamálið kannski aðallega vangeta mín til að muna hvað er hvað.
- Fint að hafa einhverjar göngugötur.
- Fleira fólk á gangi.
- Fólk og bílar, hverjir eiga að hafa forgang? Í umferðinni í dag eru of margir bílar. Fólk kemst varla fyrir og þá er eina ráðið að takmarka bílaumferðina.
- Fólk sem er í miðbænum á sumrin er sjaldnast á bíl hvort sem er, þ.e. túristarnir. Bílastæði nánast engin svo það er alveg eins gott að loka alveg.
- Gaman að labba í bænum í góðu veðri þegar ég er ekki á hraðferð og ætla á kaffihús eða pub. En ömurlegt ef ég þarf að komast í einhverja ákveða búð og er á hraðferð.
- Góð tilbreyting.
- Hef litla skoðun á þessu, fer eiginlega aldrei niður í bæ.
- Hefur sína kosti og galla.
- Jákvætt fyrir mannlíf.
- Meira mannlíf.
- Minni mengun og betra mannlíf.
- Sé kosti og ókosti.
- Skemmtilegra að ganga um þær, eða hjóla.
- Skemmtilegra.
- Vegna ferðamanna þarf aukið pláss fyrir mannlíf í miðborginni.
- Það er gott að geta rölt um án truflana bíla að minnsta kosti sumstaðar.
- Það er höllt að ganga og ágætt að draga úr bílaumferð í þrengstu og borulegustu bæjarhlutunum.
- Það myndast rólegri stemmning á annars frekar erfiðu bílasvæði.
- Það skapar skemmtilegt andrúmsloft.
- Þá þarf maður ekki að hafa áhyggjur af því að það sé keyrt á mann.
- Þetta er kannski aðeins ofmiðlakanir.

107 - Vesturbær

- Bætur mannlífið.
- Meira mannlíf á götum.
- Myndar góða borgarstemningu, er öruggara og vegna aukins fólksfjölda í miðbænum þarf á stærrri göngugötu að halda.
- Skemmtilegra.
- Skemmtilegri bæjarbragur, og ekki það miðveesen þegar maður er á bíl.
- Skemmtilegri götur.
- Það myndast góð stemmning, þegar veður er gott, þegar hægt er að rápa gangandi á stærra svæði.

108 - Fossvogur

- Auðveldar fótgangandi ferðir sínar en heftandi fyrir þá sem eru ekki á fæti, þarf líka að hugsa um eldri borgara og aðgengi þeirra. Minni mengun.
- Er sjálfur gangandi, bíllaus og finnst þetta þægilegt.
- Finnst það minna mig á göngugötur í útlöndunum. Mikið líf sem fylgir.
- Friður til að fara um.
- Ganga.
- Gefa túristum pláss.
- Gefur meira líf í bæinn.
- Gott að hafa götulíf a.m.k. á góðum dögum ;).
- Líflégra mannlíf.
- Losna við áreiða aðallega frá bifreiðum.
- Meira mannlíf.
- Meira pláss fyrir gangandi fólk sem vill njóta miðbæjarstemmingarinnar.
- Minni mengun.
- Rölti stundum með börnum þarna.
- Skapar skemmtilegra mannlíf.
- Vegna þess að þá á maður auðveldara með að komast leiðar sinnar fótgangandi. Fyrir utan að það er ekki eins stressandi að labba þessar götur eins og þegar þung bílaumferð er þar.
- Það eykur mannaferðir í bænum í góðu veðri. En hefur ekkert að segja þegar veður er leiðinlegt.
- Það léttir fyrir mannlífinu.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

109 - Neðra Breiðholt

- Auðveldara fyrir gangandi fólk.
- Aukið frelsi til að ganga um og eiga ekki á hættu á að miðborgin sé full af bílum.
- Átti heima við Laugavegin, held þetta auki að sák.
- Bíls tjóri hóp bifreiða í miðborg og þarf að komast á leiðis.
- Gamnan að geta rölt um miðbæinn og skotist inn í búðir.
- Gerir bíllaust umhverfi og eykur mannlíf.
- Glæðir bæinn lífi en gerir þeim sem búa langt frá erfiðara fyrir að komast. Strætó er ekki alltaf hentugur.
- Gott framtak.
- Hvetur til göngu þar og næs.
- Laus við bílaumferð.
- Mér skilst að það sé urmull af ferðamönnum á þessum götum og bílaumferð sé nánast íllmöguleg, a.m.k. um hádaginn.
- Mikið af fólki og þá er leiðinlegt að hafa troðning á gangstéttum. Eini gallinn er ef maður á erindi á ákveðnum stað þá er langt í bílastæði.
- Minnka umferð bíla.
- Stemmning.
- Sumarstemming.
- Til að njóta betur verunar á svæðinu.
- Tilheyrir sumarmenningunni.
- Vínalegt.
- Það er þægilegt að geta gengið án þess að hugsa um umferð.
- Það skapar stemningu og eykur mannlíf.
- Það verður (finnst mér) meira lífi miðbænum.

110 - Árbær

- Á þröngum miðbæjarsvæðum er ágætt að hamla gegnumakstri bifreiða.
- Ágætt að geta gengið um smá svæði í miðborginni án vélknúinna ökutækja þar sem vanta græn svæði.
- Ef það dregur að fólk í góðu veðri þá myndast góð götustemming.
- Finnst allt í lagi að hvíla bílaumferð og að fólk gangi meira.
- Finnst ekkert að því að hafa göngugötur í miðbænum yfir sumarið.
- Fínt að vera laus við bílaumferð.
- Gott að ganga og vera laus við bílaumferð.
- Gott að rölt yfir sumartímann, án þess að vera í þrengslum á göngustéttunum ásamt öllum túristunum.
- Góður farvegur fyrir alla túristana. Hefur litla þýðingu ef við værum hér einir Íslendingar, nema við sérstök tækifæri/hátíðir auðvitað!
- Lífligt borgarlíf.
- Meira og öruggara rými fyrir gangandi og minni mengun.
- Mikil umferð gangandi fólks (ferðamenn) og betra veður en yfir veturinn. Bílaumferð í miðborginni er mikil.
- Of mikil bílaumferð um miðbæinn.
- Skemmtilegra á góðviðrisdögum. En kannski þarf að skoða hvort svæðið sé of stórt sem lokunin á við um.
- Skemmtilegra.
- Smá frí frá bifreiðum, skemmtileg stemning í borginni.
- Tilbreyting.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú fremur jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

111 - Efra Breriðholt

- Bara ágætt, mætti samt opna fyrir vöruflutninga á morgnana, frá ca kl 5 - 10.
- Bætir mannlífið.
- Fjöldi þeirra sem heimsækja Reykjavík er orðinn of mikill til að rúma bæði gangandi og akandi fólk. Svo þetta er ill nauðsyn. Sumir geta nefnilega ekki notað Strætó og einkabíllinn eru þeirra (og mínir) fætur. Og ég er hætt fyrir löngu síðan að fara í miðbæinn.
- Gott að geta gengið um miðborgina án þess að vera hræddur um að vera keyrður niður og svo er ekki þessi skarkala sem fylgir bílaumferð.
- Mannlíf eykst, borgarar sem og ferðamenn meira pláss, minni hætta.
- Miðbærin verður líflegri og meira heillandi.
- Það er bara þægilegra fyrir alla tel ég.
- Það skapar stemningu og fólk hefur gott af því að labba.

113 - Grafarholt

- Finnst allt í lagi að gefa gangandi vegfarendum meira svigrúm á sumrin þar sem fólk er frekar gangandi um bæinn. Annað þegar það er kominn vetur með tilheyrandi kulda og vosbúð.
- Glæðir miðbæinn lífi. Hins vegar skammtarlegt að ekki sé komið til móts við akandi með einhverjum hætti á móti.
- Gott að geta gengið um göturnar í miðborginni án bíla.
- Gott að geta gengið um í mannmörgðinni.
- Gott að vera laus við bílaumferð og mengun vegna hennar.
- Laus við bíla og mengun af þeirra völdum.
- Mannlífið er skemmtilegra og maður þarf ekki alltaf að passa sig á bílunum!
- Nauðsynlegt að minnka bílaumferð svo gangandi vegfarendur hafi dálítið rými.
- Skapar stemningu.
- Skemmtilegt að breyta til, stemming, í raun betra en að bílar/rútur eru brunandi þarna niður yfir sumartímann.
- Tilbreyting yfir sumartímann.
- Öruggara fyrir börn/fjölskyldufólk.

112 - Grafarvogur

- Betra upp á að mynda skemmtilegri stemningu í bænum. Íslendingar og túristar myndu fá leið á þrengslum og troðning á gangstéttunum yfir hásumar. En þetta þyrfti ekki að ná allveg til 1. okt.
- Breytt mannlíf.
- Býr til stemningu en er vandanámál þegar þarf að koma vörum á veitingastaði o.fl.
- Er ekki að koma þar.
- Finnst fínt að geta rölt um miðbæinn án bílaumferðar.
- Gaman að geta labbað um bæinn.
- Gaman að rölta um í góðu veðri.
- Gott að ganga í rólegheitum burtu frá bílum.
- Gott að geta gengið í rólegheitum og notið miðborgarinnar.
- Meira pláss fyrir gangandi og hjólandi.
- Meira pláss fyrir gangandi vegfarendur sem að eru eitthvað fleiri yfir sumartímann en aðrar árstíðir.
- Mér finnst það bæta stemninguna og gera miðbæinn vinnalegri og afslappaðri.
- Mikið af fólk í bænum.
- Minni bílaumferð, góð hreyfing í góðu veðri.
- Minni mengun og rólegri yfirbragð.
- Skapar stemningu.
- Skemmtilegt fyrir gangandi vegfarendur að ferðast á milli svæða án bílaumferðar. Skil hins vegar óánægju verzlunareiganda.
- Það er ágætt að létta á umferðinni í miðbænum yfir sumarið.
- Það eykur möguleika fólks að njóta þessara bæjarhluta og því sem þeir bjóða uppá í minna stressiga gnart umferð, sérstaklega í góðu veðri.
- Þá keyrum við síður niður túristana og lundabúðirnar þrífast betur í því umhverfi. Það jafnframt fælir mig frá miðbænum.

116 - Kjalarnes

- Gerir umhverfið skemmtilegra og frjálshlegra. Meira shopping og rölt vænna.
- Vegna þess að: 1 mengun, 2 mannmörgð, 3 aðgengi að verzlun og þjónustu s.s. street-food útiborð við veitingahús o.þ.h.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

101 - Miðborg

- Að fólk gangi fyrir og bílar víki.
- Af því það skapar skemmtilega stemmningu í miðbænum.
- Allt árið taðk.
- Auðgar mannlífið og fær fólk til að fara ferða sinna fótagangandi.
- Auðveldara að komast um gangandi, auðveldara að vera með börn, betra að hjóla, minni mengun og meira líf á götunum. Enda eru flestar verslunargötur erlendis lokaðar.
- Auðveldara að njóta umhverfis síns þannig þegar það er ekki mikil trafik. Minni mengun og fólk hefur gott af því að labba. Mér finnst þó að úrræði mættu vera til staðar fyrir þá sem ekki geta farið leiðar sinna ráns bíls eða rafknúinna farartækja. Það ætti ekki að vera á kostnað einstaklinga að geta nýtt sér aðgengi að almennum svæðum, það er mismunun.
- Aukið mannlíf.
- Aukið og skemmtilegra mannlíf.
- Bara mjögflott.
- Bara skemmtilegt.
- Betra andrúmsloft kringum þær en á ksturbrautir.
- Betra mannlíf.
- Bílaumferð er mengandi og íþyngjandi, en umræddar götur eru meira og minna fullar af fólki á sumrin.
- Bý í miðbænum og finnst umferðin þar vera of mikil.
- Býr til lífvænlegri borg, umhverfi.
- Bætur mannlífið. Engin þörf á að keyra þessar götur.
- Eykur líf í miðborginni.
- Finnst það auðga mannlíf á götunum og það er líka auðveldara að komast leiða sinna fótagangandi.
- Fínt að vera laus við bílaumferð, þar sem mikið er af gangandi fólki hvort eð er.
- Fólk er öruggara að labba þar þegar engin bílaumferð er.
- Frábært fyrir gangandi vegfarendur að fá meira pláss, það er ekkert rými fyrir akandi umferð á þessum götum þar sem svona mannfjöldi er dags daglega. Má endilega fjölga göngugötum og loka öllum Laugaveginum :).
- Gaman að ganga um bæinn með kerrur og vagna án þess að verða fyrir óþægindum frá bílaumferð.
- Gerir borgina líflegri og meiri nánd. Auk þess er mikill straumur fólks sem hreinlega kemst ekki fyrir. Frábærar aðstöður líka fyrir framan veitingahúsin.

101 - Miðborg

- Göngugötur efla mannlífið. Bílaumferð ætti almennt að vera takmörkuð mun meira í miðbænum.
- Holt og gott.
- Loksins er hægt að njóta svæðisins. Þegar göturnar eru opnar fyrir gangandi vegfarendur gef ég mér mun meiri tíma á umræddum svæðum og nýti meira verslun og þjónustu. Loksins er pláss fyrir mannfólk, líf og gleði. Forðaðast annars þann troðning sem myndast á göngustígum sér í lagi á Laugarveginum og fer þá aðeins á svæðið í sértökum erindagjörðum.
- Mannlíf frekar en mengun. Svo er einfaldlega ekki pláss fyrir alla, einkabílinn og gangandi í miðbænum. Því þarf að hafa vika. Það sjá allir hver.
- Mannlífið lifnar.
- Margt fólk og lítið eða ekkert bílastæði. Ef bílar fá að fara um þessar götur sem er allt í lagi þá á gangandi fólk að hafa forgang og allann rétt. EN ÍBÚAR HAFU RÉTT Á AÐ KOMAST HEIM TIL SÍN OG FRÁ! Það eru grunn réttindi!
- Meira fólk á gangi og betri stemning.
- Meira mannlíf. Minni umferð. Þetta er framtíðin.
- Mér þykir það huggulegt að geta labbað um borgir bæjarinn og einnig hefur það að gera með magn fólks á götum. Mér finnst að það ætti að loka fleiri götum í miðborginni yfir sumartímann og þá sérstaklega á sólardögum.
- Minni mengun, skemmtileg stemning.
- Notalegra að rölta um.
- Skapa góða stemmningu og gera miðbæjarmynd sem mér þykir aðlaðandi. Mætti þó gera betri aðbúnað fyrir aðkomu neyðarþjónustu (lögregla, slökkvilið o.s.frv.), t.a.m. með rafstýrðum hindrunum (delta barrier) eða álíka.
- Skapar stemmningu í miðbænum.
- Skemmtilegra mannlíf og meira öryggi fyrir gangandi.
- Stuðlar að auknu mannlífi, meira öryggi, minni mengun, bílar þurfa ekkert að vera að keyra á þessum svæðum, nema kannski með vörusendingar, það getur farið fram snemma á morgnana.
- Umferð gangandi er orðin svo mikil að gangstéttir borgarinnar bera ekki þann fjölda.
- Vegna þess að þarna er oft mikil umferð gangandi og fínt að hún fá forgang.
- Ýtir undir bílausan lífstíl, fleira fólk á rölti og fjölbreyttara mannlíf. Rými fyrir skemmtilegar uppkomur og að nýta götuna fyrir veitingastaði og kaffhús yfir þessa mánuði. Finnst að þessar götur ættu að vera lokaðar allt árd.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

101 - Miðborg

- Það er afslappaðra að vera ekki innan um bíla traffík.
- Það er ekki pláss fyrir bíla, fólk á að geta gengið um og notið sumarsins. Hvort sem er engin bílastæði fyrir bíla að stoppa!
- Það er fleiri á ferli í miðborginni og gott að geta notað götuna því gangstétta mar eru of mjóar fyrir þennan fjölda fólks.
- Það er svo mikið af túristum, og þau kunna ekki að nota gangstéttir almennilega. Að opna göturnar gerir manni kleyft að labba um án þess að vera fastur fyrir aftan hóp sem er bara að rölta í góðu chilli.
- Það gefur mannlífinu meira svigrúm.
- Það verður meira og skemmtilegra líf í götunum.
- Það verður skemmtilegra mannlíf. Það er ofnotkun á einkabílum. Eins og fólk þurfi að keyra upp að dyrum í erindagjörðum sínum. Þetta er gamaldags hegðun.
- Það þarf að fækka bílum verulega í miðborginni.
- Þá er þægilegra að komast um án þess að þurfa að vera á varðbergi út af bílum.
- Því að ég er í hjólastól og þess vegna er þetta betra fyrir mig.
- Því minni bílamenning því betra.
- Þægilegra, skemmtilegra og minni mengun um miðbæinn.
- Þær bæta mannlífið.
- Þær gera miðbæinn skemmtilegri, greiða fyrir gangandi vegfarendum og hjólum.
- Öruggara og meira pláss.

103 - Kringlan

- Gott að losna við bíla úr miðborginni.
- Leyfa fólki að njóta þess að ganga án þess að þurfa að vara sig á umferð.
- Mannlífið verður skemmtilegra.

104 - Laugardalur

- Betra mannlíf.
- Breytir tempóinu í borginni.
- Fólk hefur gott af því að labba og gæðir miðbæinn lífi.
- Gott að geta gengið um án þess að eiga hættu á að bílar trufla mann.
- Jákvæður.
- Meira af fólki, gangandi, á ferðinni.
- Meira pláss fyrir gangandi, skemmtileg stemning.
- Meira rými fyrir gangandi vegfarendur, fjölbreyttar mannlíf, minni mengun. Of margir bílar í þessum þröngu götum.
- Menningin er í fólki ekki spúandi bílum.
- Miklu skemmtilegra að fara niður í bæ þegar það er enginn bílaumferð og mengun frá bílunum.
- Minni bílaumferð.
- Minni mengun, betra mannlíf.
- Minni mengun, öruggara fyrir börn, minni hávaði, meiri möguleikar á tengslum milli fólks.
- Óþarfi að hafa þústið í nefinu á góðviðrisdögum.
- Það er óþarfi að aka alltaf upp að dyrum.
- Þetta er bara nútíminn.
- Þetta er kjörið tækifæri til að gera skemmtilegt í miðborginni, bæta mannlífið og þetta er barnvænna og öruggara fyrir fjölskyldufólk.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

105 - Hlíðar

- Af því að það gjörbreytir mannlífinu og gerir þær miklu skemmtilegri.
- Af því bílar eru allt of víða, taka mikið pláss og menga.
- Auðveldar gangandi umferð.
- Auðveldara að komast um, minni mengun, aukið aðgengi með vagna/hjól/kerrur og þess háttar.
- Á Laugaveginum eru gangstéttir svo þröngar að maður þarf ekki annað en að mæta einhverjum með bama vagn til að vera neyddur út á götuna. Bílarnir keyra svo hægt að það er oft andstyggileg mengun. Finnst það ætti að vera lokað allt árið enda myndi vera hægt að hanna allt umhverfið aftur og gera mun snyrtilegra.
- Ágætt að losna við bílaumferð í miðborginni.
- Bíla umferð í miðborginni er óþarfi og heftandi fyrir mannlíf.
- Þý í miðborginni, finnst gott að vera laus við bílaumferð. Vildi helst loka meira og lengur.
- Þýr til almennilega sumar/borgarstemningu, allt verður afslappað. Mætti gera fleiri sæti hjá veitingastöðum möguleg úti, annað hvort á gangstétt eða bekk með borðum úti á götu.
- Dregur úr umferð og mengun.
- Eykur líf í miðbænum.
- Eykur mannlífið.
- Ég hef gaman af miðborgarstemningu, geta gengið eða hjólað og notið þess að vera úti undir beru lofti án þess að þurfa að anda að mér útblæstri frá bílum. Einnig feginn að vera laus við áhyggjur af bílastæðamálum og þvímlíku með því að fara um fótgangandi eða á reiðhjól.
- Ég vil hafa fólken ekki bíla í miðborginni.
- Gamla að labba þær.
- Gamli bærinn verður mun vinnalegr og þægilegr fyrir okkur bæjarbúa og gesti. Loftgæði aukast og þar með lífsgæði. Svo er hægt að tala saman þegar gengið er um þessar götur. Nýkomin frá Barcelona þar sem ég bjó í gotneska hverfinu og naut göngugatnanna ómælt, verð ég glöð að sjá að borgin mín er að nútímavæðast. Smátt og smátt hættum við að vera amerísk bílaborg með öllum þeim óþægindum og vandamálum sem því fylgir. Hjól, strætó, ganga eru nútímalegar aðferðir við að ferðast!
- Gefur miðbænum skemmtilegt yfirbragð, meira mannlíf og færri bílar.
- Gerir borgina skemmtilegri.
- Gerir miðbæinn skemmtilegri, góð stemning í bænum.
- Glæðir borgina lífi.

105 - Hlíðar

- Gott að brjóta upp formið og gera pláss fyrir gangandi vegfarendur.
- Gott að geta gengið um göturnar án þess að bílar séu að þvælast fyrir. Minnkar mengun.
- Gott að minnka umferð þar sem svo margir gangandi vegfarendur eru á ferðinni.
- Gott að vera á rölti í miðbænum á góðviðrisdögum án þess að þurfa að anda að sér lofti sem er mengað.
- I'd walk a mile for a Camel + Walk on the Wilde side is good for your Heart :-).
- Lyftir upp stemningu í miðborginni.
- Mér finnst frábært að gangandi vegfarendur séu settir í fyrsta sætið í miðbænum. Það er gott að vera án mengumanna, hættunnar og hávaðans frá bílum. Fjöldi fólks á þessu svæði er líka orðinn þannig að það væri varla pláss fyrir bíla og ég sé enga ástæðu fyrir því að bílar ættu að fá að keyra þarna, það ætti að vera nóg að geta keyrt Hverfisgötuna.
- Mér finnst það hvetja til aukinnar umferð gangandi og hjólandi sem er jákvætt bæði fyrir umhverfi og fyrir anda svæðanna.
- Mér finnst þær skapa skemmtilega stemningu í miðborginni og í raun engin ástæða að hafa bílaumferð þarna. Miklu skemmtilegra að hafa göngugötu, og skapa skemmtilega umhverfi.
- Minni bílaumferð.
- Minni mengun.
- Minni umferð minni mengun fallelgra mannlíf.
- Minnka umferð þar sem fólksfjöldi eykst með túristum á sumrin.
- Minnka umferð í miðbænum eins og kostur er yfir sumarið.
- Notalegt að labba um með börn án þess að þurfa að hafa áhyggjur af bílum.
- Skapar skemmtilega stemningu, gangandi vegfarendur eru orðnir það margir að það er nauðsynlegt að hafa göngugötur.
- Skapar skemmtilega stemningu (2 nefndu það).
- Skapar skemmtilega torgastemningu. Minni útblástur frá bílum. Meira pláss fyrir fólk. Meira líf í miðbænum. Minni áhyggjur og auðveldara að vera t.d. með börn í barnavögnum, skapar líka meira pláss fyrir hjólastóla. Það er hvort eða er nóg af bílastæðum þarna nálægt (bílastæðahús og opin stæði).
- Skapar skemmtilegt og notalegt andrúmsloft.
- Skapar stemningu.
- Skemmtileg stemning. Meira pláss til að sitja úti og laus við útblástur.
- Skemmtilegra að ganga um miðbæinn þegar þarf ekki að ganga í bílaumferð.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

105 - Hlíðar

- Skemmtilegra fyrir vegfarendur, mikið af ferðamönnum á þessum tíma sem og Íslendingum að spóka sig og því mikil umferð gangandi fólks. Ekki sé ég tilgang bíla umferðar á tilgreindum götum nema þá kannski í þeim tilgangi að ferma og afferma.
- Skemmtilegrí stemming í miðbænum.
- Skemmtilegt mannlíf.
- Slepp við mengun frá bílum og mannlífið er miklu meira, kaffihústastemming er betri.
- Tel að umferð gangandi vegfarenda auðgi menningar- og miðborgarlífið.
- Vegna fjölda gangandi fólks í miðborg.
- Vegna þess að það er miklu þægilegra að fara um miðbæinn þegar bílaumferðin er ekki fyrir hendi. Það er lítið rými til göngu á gangstéttunum vegna þamavagna, reiðhjóla og ferðamanna. Þess vegna finnst mér grundvallara triði að loka miðbænum fyrir bílaumferð meirihluta sólarhringsins allt árið.
- Vegna þess að það eykur ánægju manna af því að ganga um bæinn og skoða hann, það dregur úr mengun frá bílaumferð, hvetur fólk til aukinnar hreyfingar. Það er ágætt að skilja bílinn bara eftir heima og fara gangandi, hjólandi eða með strætó í bæinn. En það þarf þó að bæta almenningssamgöngur í borginni. Það er mjög brýnt verkefni.
- Við upplifum borgina miklu betur án bíla.
- Vil geta gengið öruggur um og ég nýt mín betur.
- Það auðveldar gangandi og hjólandi umferð og (þar af leiðandi) eykur og eflir mannlíf.
- Það er gott að stækka svæðið sem gangandi fólki er boðið upp á.
- Það er meira aðlagandi að ganga um miðbæinn þegar umferð hefur verið takmörkuð.
- Það er þægilegt að geta geta gengið um í rólegheitum. En það mætti vera svona frískutla frá Reykjavíkurborg sem gengi á milli helstu staði. Og er ég þá að þæla í eldra fólki sem veigrar sér við að fara þangað.
- Það lífgar uppá bæinn, leyfir fjölskyldum að röltu um og njóta sín.
- Þetta er eina vitnið, það er svo mikið af fólki að það er ekki pláss fyrir bílana.
- Þægilegra og afslappaðri göngutúrar um miðbæinn.

107 - Vesturbær

- Af því að það er dásamlegt að labba um miðborgina yfir sumartímann.
- Anna rskonar og frjálsligri upplifun þar sem bílaumferð er annars er mikil í miðbænum.
- Auðveldara fyrir fólk að ganga um.
- Auka mannlíf, minni mengun, minni hávaði, fallettri götur.
- Aukið mannlíf á götum úti.
- Betri útivist, meiri nánd og meiri borgarbragur.
- Bílar hafa næga möguleika.
- Bílar skapa slysa-hættu, hávaða og mengun. Hafa góð bilastæðahús kringum miðbæinn og litlar rafmagns skutlur sem hægt væri að leigja fyrir aldráða, fatlaða sem eiga erfitt með gang til að komast nær.
- Bíl inn burt.
- Bíl inn hefur allt of mikið pláss í gamla bænum, ekki bara á sumrin.
- Bæti miðbæinn.
- Eflir mannlíf og sumarstemmingu. Mætti vera betra veður þótt borgaryfirvöld ráði því ekki.
- Er ánægð með að minnka akandi umferð í miðborginni.
- Eykur líf í miðbænum, minnkar mengun, skapa „space inbetween“ sem annars er lítið af í Reykjavík, götulistamenn, útivistingahús o.s.frv.
- Ég myndi helst vilja hafa þær sem göngugötur allt árið!
- Fjölbreytt mannlíf.
- Gefur stemmingu.
- Gerir bæjarlífið skemmtilegra, betri götustemming.
- Gott að losna við bílana og betra mannlíf.
- Hreinna loft, meira líf, meira öryggi, skemmtilegra götulíf, pláss fyrir listsköpun og uppákomur, betri lýðheilsa (meira gengið og betra loft), betra fyrir búðir (fólk stoppar lengur og dettur inn í búðir sem það ætlaði kannski ekki í).
- Jákvæð þróun miðborgarinnar.
- Líður í brjóta upp bílavæðinguna.
- Lítil ávinningur á bílaumferð. Þeir yrðu fyrir gangandi umferð. Fjöldi ferðamanna í miðbænum er það mikill og bílar gera ekkert nema að vera fyrir. Hins vegar sér maður alveg ástæðu til að gera undantekninga fyrir bíla sem eru að koma með vörur og þá á ákveðnum tíma dags. Til verslana. Borgarstjórn ætti hins vegar að loka meira og lengur fyrir umferð. Bíla mir eru ekki að gera neitt fyrir verslun að hugsa þannig er skortur á sjá tækifæri. Bilastæði á Laugaveginum sjálfum eru það fá í þokkabót þannig að maður skilur ekki þetta væl.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

107 - Vesturbær

- Meira líf og fjölskrúðugra.
- Mér finnst gott að vera laus við bílaumferð. Það myndast skemmtilegt mannlíf með kaffihúsum og gangandi fólki.
- Miklu eðlilegra að miðborgir séu vinsamlegar fyrir gangandi en bíla eins og er í flestum öðrum löndum í Evrópu. Allt of þröngt svæði einnig eftir að mannlífið í miðbænum fór að aukast.
- Mótfallinn allri bílaumferð um miðborgina, nema almenningssv. leigu og vöruafhendingar á þessum tíma. Mengun frá umferð er yfirvofandi, viðverandi vandi, sérstaklega á sumrin þegar vindar draga úr krafti sínum :).
- Skapar betri stemningu.
- Út í hött að hafa bílaumferð á þessum stöðum. Miklu líflegri og fallegra að hafa þetta sem göngugötur. Helst allt árið!
- Það er flott að minnka bílaumferð í miðborginni.
- Það skapar miklu betri stemningu og mannlíf.
- Þægilegt að geta gengið frjálst um án þess að hafa áhyggjur af bílaumferð.
- Ættu að vera göngugötur allt árið.

108 - Fossvogur

- Bara.
- Bílar eiga ekki heima í miðborgum!
- Bílar menga. Fólk getur gengið og notið :))
- Bíla umferð er til trafala í miðborginni.
- Dregur úr umferð bíla, þá sérstaklega hópferðabíla.
- Eflir mannlíf og minnkar mengun.
- Láttu gangandi njóta va fans.
- Mannlegri og hlýlegri borg.
- Mannlífið fyrst og fremst. Rólegra umhverfi fyrir gangandi vegfarendur.
- Mér finnst ekki að bílarnir þurfi að fara þarna um.
- Mikilvægt að gangandi vegfarendur komist leiða sinna og gott að minnka hættu sem stafar af bílaumferð á annasamasta árstímanum í miðbænum. Hljásti tími ársins og fólk getur vel gengið aðeins lengri vegalengdir frá bílum sínum, fyrir utan að á þessum svæðum er ekki mikið af bílastæðum hvort eð er.
- Minni bílaumferð.

108 - Fossvogur

- Minnka bílaumferð og fá almenning, fyrir utan túrista, niður í miðbæ. Ekki verri ef hægt er að fjölga úti-kaffihúsum :).
- Minnka umferð.
- Mjög flott framtak. Finnst þetta vera betra heldur en að hafa bíla og rútur út um allan miðbæ.
- Mér finnst frábært að ganga um miðbæinn án þess að vera í mengunarskýi. Auk þess verður mannlífið skemmtilegra 😊.
- Notalegt að vera laus við bíla og mengun. Fólk verður líka eitthvað frjálstara og skemmtilegra þegar ógnin frá bílunum er ekki viðvandi.
- Skapar skemmtilega stemningu í miðbænum.
- Skemmtilegs stemning.
- Skemmtileg stemning. Minni mengun = meiri löngun til að ganga í rólegheitunum um miðborgina.
- Skemmtilegra að fara í bæinn og geta gengið um án bílaumferða.
- Stemning.
- Tek fram að ég bý ekki í miðbænum eða þar nærri. Fer reyndar ekki oft í miðbæinn en þegar ég fer finnst mér gott að geta rölt á bílausum götum.
- Til að auka rými fyrir gangandi vegfarendur.
- Vegna þess að ég fer um allt á hjóli eða gangandi eða með strætó. Það skapast líka allt önnur stemning þegar gata er göngugata og er mjög skemmtilegt á sumrin. Gerir borgina aðeins líflegri og skemmtilegri. Líka fyrir krakkana sem eru að vinna í skapandi sumarstörfum og eru með gjörninga yfir daginn þá opnar þetta möguleika fyrir þau.
- Verður skemmtilegra mannlíf.
- Yfir sumartímann er allt í lagi að leggja bíl lengra frá áfangastað og fá sér göngutúr, kannski annað mál með vöruflutninga til verzlana.
- Það er skemmtilegra að ferðast um þessar götur svona og það færir meira líf yfir bæinn. Veitingastaðir og kaffihús setja borðin sín út á götu svo það er nóg pláss. Mér finnst þetta skapa mjög skemmtilega stemningu.
- Það þýðir minnkan á akandi umferð og mengun. Afslappað andrúmsloft myndast og ef veður leyfir er hægt að setjast niður á gangstéttum með kaffibolla eða vínglas. Meira af gangandi fólki.
- Því þá er meira pláss fyrir gangandi vegfarendur og maður þarf ekki sífellt að vera að passa sig á bílunum.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

109 - Neðra Breiðholt

- Breytir algerlega götummyndinni til hins betra.
- Finnst þær ánægjulegri en bílaumferðin.
- Fjölskylduvænni og meiri stórborgarbragur.
- Frábært að geta labbað um göngugötur. Fyrirmyndir frá öðrum löndum.
- Gaman að geta gengið um miðbæinn án bílaumferðar og þá geta veiðingastaðir líka haft betri aðstöðu úti.
- Mannfjöldinn nýtur þessa röltu um óháðir bílaumferð og mengun verður minni.
- Mannlífið verður afslappaðra og ekki síður litríkt.
- Meiri friður, hægt að setjast niður, borða, drekka úti, betra að tala saman, njóta sólarinnar og ef það er gott veður. Betra að vera með börn.
- Óþarfi að hafa bílaumferð í miðborginni.
- Skapar skemmtilega stemningu.
- Yndislegt að ganga þar um.
- Það er svo gaman að vera í miðbænum þar sem engir bílar eru.
- Það er svo dásamlegt að fara í bæinn og ganga um göngugötur, hvorki bílar né fólk fyrir manni, frelsi 😊 Myndi styðja lokun allt árið á.m.k. Laugarveginum ♥.

110 - Árbær

- Bara snilld að þurfa ekki að hafa áhyggjur af bílaumferðinni í þessari miklu umferð gangandi vegfaranda/ferðamanna og mér finnst það bara setja skemmtilegan svip á bæinn.
- Betra og skemmtilegra mannlíf.
- Betri stemming.
- Bílar menga. Skapar stemningu og menningu.
- Bæta mannlífið í borginni.
- Finnst geggjað að geta gengið um miðborgina og haft nægt rými. Einnig er svæðið mun öruggara, mikið affólki á rölti.
- Finnst það gera skemmtilega stemningu.
- Gaman að labba um án bíla.
- Gefur miðbænum fallegri og vinsamlegri blæ, líflegri, öruggari, aðgengilegri og skemmtilegri í alla staði.
- Gott að ganga í góðu veðri, skapar stemningu.
- Gott að losna við bílaumferð á þessu svæði ef maður vill upplifa stemningu.
- Meira félagslíf í miðbænum, betri stemming á sumardögum.
- Meira pláss fyrir gangandi vegfarendur.
- Mér finnst það frábært að stuðla að fleiri göngugötum í miðborginni.
- Miðborgir eiga að vera fyrir gangandi fólk ekki bíla. Góð bílastæðahús eru víða allt í kring. Lífsgæði fyrir þá sem fara um þessar götur skila sér í fólk sem staldra lengur við og (fyrir verslunareigendur sem kvarta alltaf) verslar meira. Reykslan hefur sýnt það í nánast öllum borgum Evrópu sem stækka göngugötusvæðin og takmarka bílaumferð í miðborgum.
- Miklu meira líf á svæðinu, þægilegra og vinnalegra umhverfi.
- Minni mengun. Friður fyrir bílaböðlum.
- Minni umferð í miðborginni.
- Vantar fleiri göngugötur og hafa þær lokaðar lengur fyrir bílaumferð.
- Vera laus við mengun.
- Það er meira afslappandi að röltu um með börn og bara gefur meiri stórborgarbrag.
- Það gefur mér og öllum öðrum kost á að njóta miðbæjarinnar okkar án truflunar frá bílaumferð.
- Öðruvísi, gaman að hafa göngugötu.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú mjög jákvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

111 - Efra Breiðholt

- Byr til miklu skemmtilegra mannlíf og þetta eru staðir þar sem bílar eru algjörlega óþarfir.
- Finnst það vinnulegt og hlýlegt.
- Gerir mannlífið skemmtilegra.
- Gott að ganga um svæðið og engin hættu á slysum.
- Losna við bílana.
- Rólegra og gott að hafa ekki umferð og geta gengið um bara slakur á sumrin þegar fólk er frekar úti að spóka sig. Gerir auðveldara held ég fyrir meira mannlíf í bænum með því að hafa göngugötunarnar. Meira aðlaðandi.
- Það fer miklu betur um alla, vegna þessa loftslags!
- Þægilegt að hafa meira pláss til að ganga þar sem fótaumferð er stórukin á sumrin. Gangstéttarnar eru þínulitlar og ekkert pláss fyrir þann fjölda sem þar fer um. Auk þess er gaman að geta haft viðburði í miðbænum, t.d. hljómsveitir spila hér og þar.

112 - Grafarvogur

- Bara frábært.
- Bara.
- Betri fyrir gangandi fólk.
- Bætur mannlífið.
- Frelsi að hafa götur lokaðar fyrir bílaumferð.
- Gefur borginn skemmtilegt yfirbragð o.fl. og fl.
- Gefur skemmtilegri stemmingu í miðborgina.
- Gott að geta gengið um.
- Göngugötur eru miklu meira aðlaðandi en götur með bílaumferð. Ekki eins streituvaldandi, auðveldara að gefa sér tíma til að skoða í búðarglugga, ef þeir eru einhverjir eftir! Þartur aðlaðandi borgarumhverfi.

112 - Grafarvogur

- Í raun ætti 101 að vera lokaður fyrir bílaumferð nema þeirra sem eiga þar heima.
- Mannlífið veður afslappaðra.
- Meira frelsi fyrir gangandi vegfarendur.
- Meira mannlífi, minni bílar, minni mengun og áreiði tengt bílum.
- Meira og fjölbreyttara mannlíf.
- Mér finnst sjálfsagt að þessar verði, nema efrifarturinn verði ekki lokaður.
- Mikil skemmtilegra að röltu um bæinn.
- Skapar meiri stemningu í miðbænum, meira pláss fyrir gangandi vegfarendur.
- Skapar skemmtilega stemmingu.
- Skemmtilegs umræsting.
- Skemmtilegra að ganga um bæinn.
- Skemmtilegra mannlíf í bænum og öruggar fyrir gangandi að fara um götur þegar margir eru á göngu.
- Umhverfisvænt, kósý og skemmtilegt.
- Við notum einkabílinn allt of mikið. Svo framalega sem hægt er að koma gömlu fólk og fötluðu þangað sem það þarf að komast ættu flestir að geta labbað svolítið spöl. Mannlífið er miklu skemmtilegra þar sem fólk kemur saman á tveim fótum en ekki fjórum hjólum.
- Það er gott að geta gengið um götumar þar sem mikið af ferðamönnum er í borginni og því meira pláss til að ganga um.
- Það er hægt að njóta þess að vera gangandi í miðborginni án þess að eiga hættu á að vera keyrt á fólk.
- Það gefur tilefni til líflegra og fjölbreyttara mannlífs í miðborginni, með áherslu á fólk en ekki bíla.
- Það skapar skemmtilega og öðruvísi stemmingu og fleira fólk er utandyra í miðbænum.
- Það stuðlar að meira lífi í miðbænum. Vantar göngugötur.
- Þetta gerir dvöl í miðborginni miklu jákvæðari fyrir mig, maður er lengur í miðborginni og nýtur þess betur.
- Því mér finnst það myndu góða stemmingu að geta gengið um götur miðborgarinnar en ekki þurfa að vera á gangstétt við hlið bílaumferðar.



Sp. 2. Hvers vegna ert þú **mjög jákvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

113 - Grafarholt

- Bara býr til góða stemmingu að hafa göngugötu.
- Betra mannlíf.
- Býður uppá skemmtilegra mannlíf.
- Bíla eru leiðindamaskínur í miðborgum.
- Eykur stemmingu í bænum.
- Fleira fólk að labba um bæinn. Gangstéttar mjög þröngar.
- Frábært að hafa bílalausar götur, myndar góða stemmingu að hafa göngugötu.
- Gaman að geta labbað um götur Reykjavíkurborgar. Umferðin á ekki heima í miðborg.
- Gott að geta rölt þarna með börnin án þess að hafa stanslausa bílaumferð.
- Meira líf og það er bara ekki allveg pláss fyrir allan fjöldan í RVK og bílana.
- Meira öryggi fyrir gangandi á þessu þrönga svæði sem er oft mannmargt á sumrinn.
- Mikil fjöldi ferðamanna í borginni orsakar mun fleiri gangandi vegfarendur sem þurfa pláss, einnig skapar þetta frá bæra stemmingu.
- Skemmtilegra að röltu um miðbæinn.
- Sumar stemming.
- Öruggra að skoða bæinn með börnin.


116 - Kjalarnes

- Kósý.
- Meira pláss fyrir fólk og menningu.



Sp. 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?

	Fjöldi	%
Ég vil göngugötur allt árið um kring (5)	79	11,7
Tímabilið er allt of stutt (5)	27	3,9
Tímabilið er fremur of stutt (4)	35	5,2
Tímabilið er hæfilegt (3)	322	47,3
Tímabilið er fremur of langt (2)	134	19,6
Tímabilið er allt of langt (1)	47	6,9
Ég er alfarið á móti göngugötum (1)	37	5,4
Gild svör	681	100,0
Gildir svarendur	681	93,0
Svöruðu ekki	51	7,0
Heildarfjöldi	732	100,0



Meðaltal	2,92
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,09
Staðalfrávik	1,17



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikamir „Ég vil göngugötur allt árið um kring“ og „Tímabilið er allt of stutt“ fá gildið 5 en valmöguleikamir „Tímabilið er allt of langt“ og „Ég er alfarið á móti göngugötum“ fá gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Sp. 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?

	Gild svör	Ég vil göngugötur allt árið	Of stutt	Hæfilegt	Of langt	Ég er alfarið á móti göngugötum	
	Fjöldi	%	%	%	%	%	
Allir	681	11,7	9,1	47,3	26,5	5,4	2,92
Kyn							
Karl	337	12,7	10,9	44,3	23,7	8,4	2,93
Kona	345	10,6	7,5	50,2	29,3	2,5	2,91
Aldur*							
Yngri en 25 ára	74	5,4	9,3	24,2	50,6	10,6	2,44
25-34 ára	137	22,9	8,2	50,7	15,3	2,9	3,33
35-44 ára	124	15,8	6,8	52,9	22,3	2,2	3,09
45-54 ára	134	9,0	6,8	52,6	24,5	7,2	2,84
55 ára og eldri	212	5,9	12,6	46,5	29,1	6,0	2,78
Hverfi*							
101-Miðborg	100	23,4	14,3	40,6	16,0	5,7	3,36
103-Kringlan	9	0,0	0,0	70,9	20,8	8,3	2,50
104-Laugardalur	47	10,1	7,5	43,2	34,1	5,1	2,83
105-Hlíðar	102	14,6	17,6	43,2	21,2	3,4	3,23
107-Vesturbær	57	27,0	5,7	38,4	15,3	13,7	3,16
108-Fossvogur	59	7,9	8,3	54,3	26,8	2,8	2,89
109-Neðra Breiðholt	57	4,9	6,1	57,2	25,9	5,9	2,72
110-Árbær	65	8,2	4,1	59,3	28,5	0,0	2,89
111-Efra Breiðholt	50	3,9	16,4	47,7	19,8	12,2	2,87
112-Grafarvogur	94	2,6	3,5	40,8	48,7	4,5	2,34
113-Grafarholt	29	13,0	2,5	54,4	25,2	4,9	2,86
116-Kjalarnes	11	0,0	0,0	63,6	36,4	0,0	2,45

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).




Sp. 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?

	Gild svör	Ég vil göngugötur allt árið	Of stutt	Hæfilegt	Of langt	Ég er alfarið á móti göngugötum	
	Fjöldi	%	%	%	%	%	
Allir	681	11,7	9,1	47,3	26,5	5,4	2,92
Menntun*							
Grunnskólapróf	104	4,3	4,7	52,9	23,3	14,7	2,54
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	208	9,3	7,1	47,4	30,7	5,5	2,80
Háskólapróf	353	15,5	11,9	45,8	23,9	2,9	3,12
Fjölskyldutekjur							
399 þúsund eða lægri	117	13,2	8,5	45,3	27,5	5,6	2,91
400-799 þúsund	211	7,6	11,5	46,3	28,2	6,4	2,83
800 þúsund eða hærr	256	16,3	9,4	47,1	23,2	3,9	3,08
Hjúskaparstaða							
Gift/Kvæntur/Í sambúð	450	13,4	7,4	49,5	25,9	3,8	2,96
Einhleyp(ur)	162	8,8	12,9	39,7	29,8	8,8	2,83
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	56	6,8	14,7	52,7	16,1	9,7	2,98
Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?*							
Mjög jákvæð	301	22,0	16,2	53,6	8,2	0,0	3,58
Fremur jákvæð	234	4,7	5,7	57,4	32,1	0,0	2,84
Í meðallagi/Neikvæð	134	1,7	0,0	17,9	56,5	23,9	1,69
Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?*							
Já	556	13,1	10,6	46,9	23,8	5,6	3,01
Nei	121	5,4	2,7	48,0	39,0	4,9	2,54
Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*							
Sjaldnar en mánaðarlega	158	7,2	1,9	42,6	42,9	5,4	2,50
1-3 sinnum í mánuði	285	8,4	5,9	50,2	28,7	6,8	2,76
Vikulega eða oftar	233	19,0	18,3	45,9	13,1	3,8	3,41

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?



Meðaltal	4,16
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,07
Staðalfrávik	0,98



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög jákvæð“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög neikvæð“ fær gildið 1, a þrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



Sp. 4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?

	Gild svör	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Í meðallagi/ Neikvæð	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	688	45,6	34,7	19,7	4,16
Kyn*					
Karl	345	46,5	29,6	23,9	4,08
Kona	343	44,7	39,8	15,5	4,25
Aldur*					
Yngri en 25 ára	83	41,3	36,1	22,6	4,09
25-34 ára	132	52,8	35,7	11,5	4,39
35-44 ára	124	49,7	35,1	15,2	4,27
45-54 ára	134	45,7	31,9	22,3	4,13
55 ára og eldri	215	40,4	35,0	24,6	4,01
Hverfi*					
101-Miðborg	98	61,5	29,3	9,2	4,44
103-Kringlan	9	37,5	20,6	41,9	3,79
104-Laugardalur	47	37,8	40,0	22,3	4,06
105-Hlíðar	98	51,7	38,0	10,2	4,36
107-Vesturbær	58	61,9	18,7	19,5	4,24
108-Fossvogur	60	43,4	38,0	18,6	4,18
109-Neðra Breiðholt	56	30,2	51,2	18,6	4,00
110-Árbær	66	44,9	36,3	18,9	4,24
111-Efra Breiðholt	62	37,8	34,9	27,3	3,95
112-Grafarvogur	93	35,9	33,1	31,0	3,96
113-Grafarholt	30	38,3	34,1	27,6	3,93
116-Kjalarnes	11	45,5	27,3	27,3	4,18

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?


	Gild svör	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Í meðallagi/ Neikvæð	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	688	45,6	34,7	19,7	4,16
Menntun*					
Grunnskólapróf	102	39,0	28,2	32,8	3,83
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	201	36,1	39,7	24,2	4,03
Háskólapróf	356	52,0	33,6	14,4	4,31
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	110	43,5	37,3	19,2	4,17
400-799 þúsund	212	41,9	33,9	24,2	4,08
800 þúsund eða hærr	257	50,6	32,3	17,2	4,23
Hjúskaparstaða					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	450	45,0	35,4	19,6	4,17
Einhleyp(ur)	156	43,8	33,6	22,5	4,10
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	58	48,3	32,3	19,4	4,12
Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?*					
Já	562	50,6	34,0	15,3	4,26
Nei	125	23,8	38,0	38,3	3,75
Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*					
Sjaldnar en mánaðarlega	174	30,2	33,7	36,0	3,86
1-3 sinnum í mánuði	286	40,2	40,7	19,1	4,08
Vikulega eða oftar	226	64,7	27,1	8,2	4,50

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).



Sp. 5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?

	Fjöldi	%
Já	572	81,5
Nei	130	18,5
Gild svör	701	100,0
Gildir svarendur	701	95,8
Svöruðu ekki	31	4,2
Heildarfjöldi	732	100,0



Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar hlutföll eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem hlutfallstölur feittitaðar þar sem munar mestu í hverjum dálki og munurinn er a.m.k. 10 prósentustig.

AÐSÓKN AÐ GÖNGUGÖTUSVÆÐINU



Sp. 5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?

	Gild svör	Já	Nei	
	Fjöldi	%	%	
Allir	701	81,5	18,5	82%
Kyn				
Karl	354	82,4	17,6	82%
Kona	347	80,6	19,4	81%
Aldur*				
Yngri en 25 ára	87	95,0	5,0	95%
25-34 ára	137	86,3	13,7	86%
35-44 ára	127	78,5	21,5	78%
45-54 ára	136	75,8	24,2	76%
55 ára og eldri	216	78,5	21,5	78%
Hverfi*				
101-Miðborg	101	94,8	5,2	95%
103-Kringlan	9	72,8	27,2	73%
104-Laugardalur	49	80,6	19,4	81%
105-Hlíðar	103	89,5	10,5	89%
107-Vesturbær	58	96,0	4,0	96%
108-Fossvogur	60	82,4	17,6	82%
109-Neðra Breiðholt	57	75,7	24,3	76%
110-Árbær	66	64,6	35,4	65%
111-Efra Breiðholt	65	70,3	29,7	70%
112-Grafarvogur	95	75,6	24,4	76%
113-Grafarholt	30	76,0	24,0	76%
116-Kjalarnes	10	80,0	20,0	80%

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).

AÐSÓKN AÐ GÖNGUGÖTUSVÆÐINU




Sp. 5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?

	Gild	Já	Nei	
	svör	%	%	
	Fjöldi	%	%	
Allir	701	81,5	18,5	82%
Menntun*				
Grunnskólapróf	101	73,2	26,8	73%
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	212	78,4	21,6	78%
Háskólapróf	357	86,0	14,0	86%
Fjölskyldutekjur				
399 þúsund eða lægri	115	80,2	19,8	80%
400-799 þúsund	213	78,0	22,0	78%
800 þúsund eða hærr	259	83,5	16,5	83%
Hjúskaparstaða				
Gift/Kvæntur/Í sambúð	457	81,8	18,2	82%
Einhleyp(ur)	159	82,5	17,5	82%
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	58	76,2	23,8	76%
Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*				
Sjaldnar en mánaðarlega	177	40,2	59,8	40%
1-3 sinnum í mánuði	287	92,7	7,3	93%
Vikulega eða oftar	233	100,0	0,0	100%

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).



Sp. 6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?



Meðaltal 4,32 sinnum á mánuði
 Vikmörk á meðaltalið +/-0,51
 Staðalfrávik 6,90

Hér er reiknað meðal fjöldi skipta á mánuði út frá svarkostunum þar sem valmöguleikinn „Sjaldnar en mánaðarlega“ fær gildi 0,5 og valmöguleikinn „Daglega“ fær gildi 30, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðu má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjömumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.

TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ



Sp. 6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

	Gild svör	Vikulega eða oftar	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en mánaðarlega	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	698	33,4	41,2	25,5	4,32
Kyn*					
Karl	353	38,1	39,3	22,5	5,80
Kona	345	28,5	43,1	28,5	3,64
Aldur*					
Yngri en 25 ára	87	17,1	52,0	30,8	1,46
25-34 ára	132	49,6	31,5	18,9	7,52
35-44 ára	127	29,8	39,7	30,5	5,48
45-54 ára	136	31,0	38,3	30,7	3,70
55 ára og eldri	216	33,5	45,4	21,1	4,44
Hverfi*					
101-Miðborg	100	70,4	23,9	5,8	11,14
103-Kringlan	9	21,0	47,3	31,7	1,90
104-Laugardalur	46	31,7	48,1	20,1	4,92
105-Hlíðar	103	55,0	33,8	11,2	6,65
107-Vesturbær	58	51,6	44,4	4,0	6,75
108-Fossvogur	60	27,8	46,0	26,2	3,14
109-Neðra Breiðholt	57	21,2	46,4	32,4	1,82
110-Árbær	66	7,9	56,4	35,7	1,19
111-Efra Breiðholt	63	19,6	24,6	55,8	1,58
112-Grafarvogur	95	8,1	52,7	39,1	1,20
113-Grafarholt	30	17,8	45,5	36,8	3,12
116-Kjalarnes	11	0,0	54,5	45,5	0,69

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

	Gild svör	Vikulega eða oftar	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en mánaðarlega	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	698	5,0	9,5	85,5	4,32
Menntun*					
Grunnskólapróf	102	22,5	44,7	32,8	3,79
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	210	31,7	40,4	27,9	4,02
Háskólapróf	354	39,6	43,1	17,3	5,80
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	115	37,5	37,9	24,6	5,49
400-799 þúsund	213	31,1	41,8	27,1	3,74
800 þúsund eða hærr	257	34,9	45,0	20,0	5,44
Hjúskaparstaða					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	453	31,4	43,8	24,8	4,67
Einhleyp(ur)	160	39,9	40,9	19,2	5,65
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	58	42,7	35,4	21,9	4,82

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Keyrir þú áfram hagvöxt?

Efnahagslegt mikilvægi lítilla
og meðalstórra fyrirtækja

Unnið af Reykjavík Economics
fyrir Íslandsbanka

Lítill og meðalstór fyrirtæki (LMF)

...eru hryggjarstykki hagkerfisins

Efnahagur og fjárhagur LMF hefur batnað verulega eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna

- Eiginfjárlutföll hafa farið batnandi.
- Velta hefur aukist verulega.
- Skuldahlutföll hafa lækkað.
- Mun færri fyrirtæki eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.
- Leigufélög hafa aukið tekjur sínar verulega í takt við hækkandi leiguverð, aukið framboð íbúða til útleigu og fjölgunar minni gististaða.
- LMF í framleiðslu og í byggingariðnaði hafa ekki notið samsvarandi vaxtar. Líklega er það vegna aukinnar hlutdeildar stærri fyrirtækja í þeim greinum.
- Svipaða sögu má segja um minni heildverslanir.

Fyrirtæki með veltu á bilinu 250-500 milljónir hafa vaxið hratt

- Áberandi er að meðalstór fyrirtæki hafa vaxið hraðast, þ.e.a.s. fyrirtæki með veltu á bilinu 250-500 milljónir króna. Vöxtur þeirra nam 191% frá 2008 til 2016. Önnur minni fyrirtæki uxu minna.
- Vöxtur LMF er mestur hjá fyrirtækjum er leigja út atvinnuhúsnæði. Tekjur þeirra hafa fjórfaldast frá árinu 2008.
- Tvöföldun var í vexti fyrirtækja er byggja atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Það segir okkur að minni verktakar hafa verið að ná sér á strik.

Rétt yfir 97% fyrirtækja á Íslandi eru með minni en 500 milljón króna veltu.

Hlutfall LMF í heildarveltu fyrirtækja á Íslandi árið 2016 var 56%.

99% fyrirtækja á Íslandi voru með 49 starfsmenn eða færri.

Innan við 200 fyrirtæki á Íslandi eru með 100 starfsmenn eða fleiri.



Lítill og meðalstór fyrirtæki

...eru öðruvísi

Einkenni lítilla og meðalstórra fyrirtæki eru:

- Lítill markaðshlutdeild.
- Stjórnad af eigendum eða stórum hluthöfum. Stjórnunarstillinn er persónulegur frekar en formlegur, s.s. í fjölskyldufyrirtækjum.
- eru sjálfstæðar einingar, það er að segja ekki hluti af stærri heild.
- LMF hafa hlutfallslega lítill eða nánast engin áhrif á markaðinn, með öðrum orðum, þau eru ekki markaðsráðandi.

- Umsvif LMF í rannsóknum og þróun eru yfirleitt lítill. Þau þurfa því að leita út fyrir fyrirtækin eftir sérfræðipækkingu.

Stærð efnahags á við yfirlit um eignir, skuldir og eigið fé fyrirtækja.

Skilgreining ESB á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

Gerð fyrirtækja	Fjöldi stöðugilda	Árstekjur	eða	Stærð efnahags
Meðalstórt fyrirtæki	< 250	≤ € 50 m	eða	≤ € 43 m
Lítill fyrirtæki	< 50	≤ € 10 m	eða	≤ € 10 m
Örfyrirtæki	< 10	≤ € 2 m	eða	≤ € 2 m

Skilgreining LMF á Íslandi

Í þessari úttekt er miðað við þröngri skilgreiningu á LMF en tíðkast annars staðar í Evrópu. Miðað við evrópska staðla eru fá fyrirtæki á Íslandi sem myndu teljast stór. Hér er miðað við að LMF séu fyrirtæki sem hafa ársveltu (rekstrartekjur) frá 5 – 500 milljónum króna á ári, nema að annað sé tekið fram.

Íslenskum LMF er hér skipt upp í þrjá undirflokka:

- Örfyrirtæki: Velta á bilinu 5– 25 milljónir króna.
- Lítil fyrirtæki: Velta á bilinu 25– 100 milljónir króna.
- Meðalstór fyrirtæki: Velta á bilinu 100– 500 milljónir króna.

Samkvæmt þessu teljast þau fyrirtæki sem eru með veltu yfir 500 milljónir króna á ári vera stór fyrirtæki.

Stærðarflokkar fyrirtækja (sem notast er við í þessari skýrslu)

Stærð fyrirtækja

Árstekjur

Örfyrirtæki


5 – 25 m. kr.

Lítil fyrirtæki

25 – 100 m. kr.

Meðalstór fyrirtæki

100 – 500 m. kr..



Drifkraftur hagkerfisins

... og tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika

LMF eru **hryggjarstykki raunhagkerfisins** jafnt á Íslandi sem og í öðrum löndum.

Meginþorri nýstofnaðra fyrirtækja **hefja rekstur sem smáfyrirtæki** áður en þau vaxa í stærri skipulagseiningar.

LMF spretta oft upp út frá **nýjungum í vöru- eða þjónustuframboði** eða jafnvel út frá **uppfinningu eða nýju viðskiptalíkani**.

Hagfræðilegir og samfélagslegir ábatar LMF eru margir

- Skapa atvinnu með lítilli fjárbindingu.
- Mikilvægt framlag til vergrar landsframleiðslu (VLF).
- LMF eru farvegur frumkvöðlastarfs.
- Sveigjanleiki til að aðlagast að breyttum markaðsaðstæðum.
- Styðja vel við stærri fyrirtækjasamstæður.
- Starfa oft á markaðssýllum sem eru ekki hafgelldar stórfyrirtækjum.

Mikil áhersla á LMF í Evrópusambandinu

Regluverk fyrir LMF á Íslandi má bæta

Evrópusambandið (ESB) hefur lagt mikla áherslu á að bæta starfsumhverfi LMF (hér er m.v. evrópska skilgreiningu á LMF) en áætlað er að um 21 milljón LMF hafi verið starfandi innan ESB árið 2013. Þessi fyrirtæki veittu um 90 milljónum manna atvinnu.

Níu af hverju tíu fyrirtækjum í ESB eru LMF en þau skapa tvö af hverjum þremur störfum í sambandinu.

Þau eru einnig drifkraftur sköpunar, í gegnum frumkvöðlavirkni og nýsköpun. Talið er að LMF gegni mikilvægu hlutverki til að tryggja samkeppnishæfni og framböð á áhugaverðum atvinnutækifærum. Samkvæmt rannsóknarskýrslu Deutsche Bank Research sköpuðu LMF 85% allra starfa í Evrópusambandinu á árabílinu 2002 til 2010.

Einnig eru LMF mikilvæg þegar kemur að fjárfestingu, nýjungum og uppfinningum.

Til að efla LMF er mikilvægt að til staðar sé hagstætt reglugerðarumhverfi og réttir hagrænir hvatar.

Íþyngjandi áhrif regluverks á LMF er Ísland er aðeins við miðbik annarra OECD ríkja. Aðrar rannsóknir benda til að reglugerðarumhverfið fyrir frumkvöðla sé jafnvel enn flóknara hér á landi en víða annars staðar.



Meginþorri fyrirtækja hafa færri en 10 starfsmenn

99% með minna en 50 starfsmenn

Flest fyrirtæki á Íslandi eru með færri en 10 starfsmenn.

Fjöldi þeirra fyrirtækja sem eru með 5-10 starfsmenn eru álíka mikill og þeirra sem eru með fleiri en 10 starfsmenn.

Að jafnaði voru 17.846 launagreiðendur á Íslandi í júní 2018 og greiddu þeir um 202 þúsund einstaklingum laun.


Hlutfall stærri fyrirtækja hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu árin.

Ríkisskattstjóri áætlað að um 59.854 lögaðilar hafi verið á skattgrunnsskrá í árslok 2016 en þar af voru 43.126 tekjuskattskyldir og um 38 þúsund fyrirtæki sem skiluðu skattframtali.

Munurinn liggur í því að ekki eru allir lögaðilar tekjuskattskyldir. Þar af eru fjölmargar stofnanir og fyrirtæki á vegum hins opinbera ásamt félögum sem eru ekki rekin í hagnaðarskylini.


Miðað við skilgreiningu ESB á LMF er hlutfall starfsmanna þeirra á vinnumarkaði og virðisauka af heildinni herra hér á landi en í flestum ESB ríkjum.

Fjöldi fyrirtækja eftir starfsmannafjölda



Hlutfall stórra fyrirtækja

Miðað við að stór fyrirtæki hafi >500 m. kr. í rekstrartekjur





Mikil fjölgun LMF frá efnahagshruni

... í flestum atvinnugreinum en hlutfallslega mest í ferðapjónustu

Gríðarleg fjölgun hefur orðið í atvinnugreinum tengdum ferðapjónustu og fasteignamörkuðum á undanförunum árum.

Byggingarstarfsemi og mannsvirkjagerð er langumfangsmesti bálkur atvinnugreina meðal LMF.

Einigis 116 fyrirtæki í byggingageiranum hafa veltu á bilinu 250-500 milljónir króna. Fjöldi fyrirtækja í þeim veltuflokki eru langflest í heild- og smásöluverslun og í viðgerðum á vélknúnum ökutækjum, eða 186 talsins.

Fjöldmörg LMF eru með veltu á bilinu 10-25 milljónir og eru þau algengust í flestum bálkum atvinnugreina. Þetta gefur til kynna að mörg fyrirtæki séu afar smá. Líklega er hér um að ræða einstaklingsrekin fyrirtæki eða litil fjölskyldufyrirtæki.

Hlutfallslega mesta fjölgun LMF hefur verið í starfsemi tengdri ferðapjónustu. Fjöldi ferðaskipuleggjenda hefur rúmlega fjórfaldast á árunum 2008 - 2016.

Fjöldi LMF eftir deild atvinnugreina 2008 - 2016

Deildir atvinnugreina þar sem LMF hefur fjölgað um meira en 180



■ 2008 ■ 2016

...en sumar atvinnugreinar hafa þanist út meira en aðrar


Deildir atvinnugreina þar sem fjöldi LMF hefur vaxið yfir 80%



■ 2008 ■ 2016

Samsetning LMF eftir atvinnugreinum og hlutfalli heildarveltu innan atvinnugreinabálks

Tölurnar inni í súlunum sýna fjölda fyrirtækja



LMF eru öflug á landsbyggðinni

Flest eru þó á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirtækjum fjölgaði verulega í öllum landshlutum á tímabilinu frá 2008 til 2016. Landsbyggðin hefur meira en haldið hlut sínum.

LMF hefur fjölgað verulega á Vestfjörðum. Líklegast skýrist sú þróun af vexti ferðaþjónustu og starfsemi í kringum sjókvíaelði.


Töluverð fjölgun LMF hefur einnig átt sér stað á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Langflest LMF eru á Suðvesturhorninu, aðallega á höfuðborgarsvæðinu, sem endurspeglar dreifingu íbúa en um 64% landsmanna búa þar.


Mesti vöxtur í fjölda LMF hefur verið á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Reykjavík, þ.e.a.s. í Kraganum.

LMF hefur fjölgað hlutfallslega mest í Kraganum, á sama tíma og íbúafjöldi jókst mikið. Fjölgun íbúa í Kraganum var um 22% á meðan hann var 6,1% í Reykjavík á umræddu tímabili.

Heildarfjöldi LMF eftir landshlutum árin 2008 og 2016



Hlutfallsleg fjölgun fyrirtækja eftir landshlutum frá árinu 2008 til 2016 (%)



Flest fyrirtæki skráð á höfuðborgarsvæðinu

... en mörg með meginhluta starfseminnar á landsbyggðinni

Þegar horft er til rekstrartekna fyrirtækja á hvern íbúa kemur í ljós að þær eru hæstar í Reykjavík. Flest stærstu fyrirtæki landsins eru skráð þar. Tekjur allra fyrirtækja í Reykjavík námu tæpum 21 milljón króna á mann árið 2016.


Ef einungis er litið til LMF, þ.e.a.s. fyrirtækja með veltu á bilinu 5 – 500 milljónir króna, þá eru tekjur á mann einungis 3,5 milljónir í Reykjavík.

Austurland kemur vel út úr þessum samanburði þegar horft er til allra fyrirtækja. Austurland er mikilvægt

útflutningssvæði en starfsemi stóriðju sem og fyrirtækja í sjávarútvegi er umfangsmikil á því svæði. Tekjur á íbúa eru hins vegar minni þegar einungis er horft til LMF.


Varast ber að draga of sterkar ályktanir af mismun á milli landshluta hvað varðar rekstrartekjur fyrirtækja á hvern íbúa. Fyrirtæki geta verið með heimilisfesti á höfuðborgarsvæðinu og þannig myndast skekkja þegar verið er að bera saman svæði.

Rekstrartekjur fyrirtækja á íbúa eftir landssvæðum árið 2016 (millj. kr.)




Hlutfallsleg skipting rekstrartekna eftir stærð fyrirtækja á hverju landssvæði fyrir sig

Stór fyrirtæki á Austurlandi og í Reykjavík eru með mestan hluta af heildarveltu landssvæðisins



Fjöldi fyrirtækja sem hlutfall af heildarfjölda þeirra á hverju landssvæði fyrir sig

Hlutfallslega flest meðalstór og stór fyrirtæki eru í Reykjavík og á Norðurlandi eystra. Hlutfallslega flest lítill fyrirtæki eru á Norðurlandi vestra




Frumkvöðlastarfsemi mest á Vestfjörðum

...mælt sem fjöldi LMF á hverja þúsund íbúa

Fjöldi LMF á hverja þúsund íbúa er ákveðin vísbending um frumkvöðlavirkni. Fjöldi LMF á hverja þúsund íbúa hefur farið vaxandi í öllum landshlutum á árabílinu 2008 til 2016.

Vestfirðir skera sig þarna nokkuð úr. Það sem einkum skýrir mikla aukningu er að fjöldi nýrra fyrirtækja hefur verið stofnaður á svæðinu á sama tíma og íbúum hefur fækkað lítillega. Frumkvöðlavirkni virðist vera næst mest í Reykjavík, mælt á þennan mælikvarða.

Fjöldi LMF á hverja þúsund íbúa eftir landssvæðum árin 2008 og 2016



Mikilvægi LMF atvinnugreina ólíkt ...milli landshluta

Sérhæfð byggingarstarfsemi er stór atvinnuvegur alls staðar á landinu. Starfsemi tengd landbúnaði er mikilvæg á Norðurlandi vestra (19,7%) sem og í öðrum landbúnaðarhéraðum landsins.

Fiskveiðar og fiskeldi er hlutfallslega langmikilvægasta atvinnugreinin á Vestfjörðum (33%).

Ferðaþjónustan fellur í margar mismunandi deildir atvinnugreina og því kemur hún ekki sterkar fram hér en raun ber vitni. Þó er rekstur gististaða meðal stærstu deilda atvinnugreina á Vestfjörðum, Suðurlandi, Norðurlandi vestra og á Austurlandi.

Þar sem tölurnar miðast við árið 2016 gæti efnahagslegt umfang ferðaþjónustunnar verið vanmetið.




Landfræðileg skipting LMF

Fimm stærstu deildir atvinnugreina og hlutfall þeirra af heildarveltu á landssvæðinu




Reykjavík



Norðurland
vestra




Norðurland
eystra



Kraginn



Austurland




Efnahagsleg áhrif lítilla og meðalstórra fyrirtækja




Vesturland




Vestfirðir



Suðurnes



Suðurland



Flest LMF eru í 101 Reykjavík

Meginþorri fyrirtækja eru í atvinnusvæðiskjörnum höfuðborgarsvæðisins

Flest fyrirtæki eru skráð í miðbæ Reykjavíkur eða í þeim póstnúmerum höfuðborgarsvæðisins þar sem atvinnustarfsemi er áberandi.

- 105: Þjónustufyrirtæki, fjármálafyrirtæki, læknastofur o.fl. – Borgartún
- 201: Fjármálafyrirtæki, verslun & þjónusta – Smáralind

Einkennandi atvinnugreinar eftir póstnúmerum eru eftirfarandi skv. lauslegri athugun:

- 101: Smásala, hótél & veitingastaðir – Miðbær
- 108: Iðnaður, sérverslanir og þjónusta – Múlar og Skeifan

Fjöldi LMF á höfuðborgarsvæðinu eftir póstnúmerum






Launþegum fjölgar

...en sjálfstætt starfandi ekki


Fjöldi þeirra sjálfstætt starfandi hefur staðið í stað síðastliðinn hálfa áratug eða svo. Fjöldi þeirra sem voru sjálfstætt starfandi náði hámarki árið 2006 en þá voru þeir um 25 þúsund talsins. Síðan þá hefur dregið úr fjölda þeirra og árið 2017 voru þeir um 22 þúsund.

Mun fleiri karlar en konur sjálfstætt starfandi



Sjálfstætt starfandi eftir kynjum

Mun fleiri karlar en konur sjálfstætt starfandi



Sérfræðistörfum fjölga mest

...ósérhæfðu starfsfólki fækkar

Samsetning vinnumarkaðarins hefur tekið stakkaskiptum frá árinu 2008. Ósérhæfðu starfsfólki hefur fækkað um 2 þúsund (10%) og starfsfólki í iðnaðargreinum um sama fjölda (8%). Á sama tíma hefur sérfræðistörfum fjölgað um 9 þúsund (25%) og starfsfólki í þjónustu og verslun um 7 þúsund (20%).

Þessi þróun er í takt við þær breytingar sem átt hafa sér stað í íslensku efnahagslífi síðustu árin en þeim hafa fylgt auknar kröfur um menntun og sérhæfingu.


Fjölgun starfa í þjónustu og verslun má meðal annars rekja til mikils vaxtar fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Eru breytingar á vinnumarkaði fyrirsjáanlegar?

„Vinnuumhverfi nútímans er að taka breytingum á þann hátt að fólki í fullu starfi muni fækka en fólki sem er sjálfstætt starfandi mun fjölga. Fyrir vikið verður það meiri áskorun en áður að skapa sér atvinnutækifæri. [...] Sú færni sem krafist er á vinnumarkaði í dag er einnig breytingum háð, t.d. með sköpun nýrra tegunda starfa, eins og gagnasérfræðinga (e. data scientist), en önnur störf hverfa í staðinn.“

- Eurostat

Fjöldi starfandi eftir starfsstéttum – öll fyrirtæki



Landsbyggðin frábrugðin höfuðborgarsvæðinu


... hærra hlutfall einyrkja

Á landsbyggðinni er fólk líklegra til þess að starfa sem einyrkjar en á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutfall þeirra sem að starfa sjálfstætt hefur sum árin verið mun hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu en á síðustu árum hefur þessi munur minnkað.

Á síðustu árum hefur dregið úr því að fólk starfi sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Gildir það jafnt um landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið.

Hlutfallslega fleiri sjálfstætt starfandi á landsbyggðinni







Gríðarlegur vöxtur í sumum greinum

... en ekki öðrum


Rekstrartekjur gisti- og veitingastaða sem voru með veltu undir 500 milljónum króna á ári jukust um 150% að nafnvirði á árunum 2008-2016. Til samanburðar má nefna að á sama tímabili fjölgaði komufarþegum til Íslands um 263%.

Vöxtur í leigustarfsemi hefur verið mjög mikill og hefur nærri því þrefaldast á tímabilinu. Fyrirtæki í leigustarfsemi geta verið minni fasteignafélög sem eru að hluta til í ferðaþjónustu en þar má nefna íbúðaleigu til ferðamanna, minni gistiheimili og svo framvegis. Vöxtinn í þeirri grein má einnig skýra með því að algengara er nú en áður að fasteignir fyrirtækja séu í sérstöku eignarhaldsfélagi.

Þegar horft er til meðalvaxtar fyrirtækja eftir bálkum atvinnugreina þá kemur í ljós að á árabílinu 2008-2016 óx leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta mest eða um tæplega 300%. Það vekur athygli að næst á eftir kemur fræðslustarfsemi sem innifelur starfsemi allra skólastiga í öllum námsgreinum ásamt íþrótt- og tólmundakennslu. Þessi starfssemi er yfirleitt beint eða óbeint á vegum hins opinbera og er því frábrugðin hefðbundnum LMF.

Atvinnugreinar með mikinn tekjuvöxt (milljarðar kr.)

Þjónstugreinar hafa vaxið mikið




Stærri fyrirtæki hafa vaxið hraðar en minni

Rekstrarafkoma og fjárhagslegur styrkur er það sem mest er vert að fylgjast með þegar horft er til vaxtar og viðgangs LMF. Öftar en ekki er samhengi milli vaxtar tekna og hagnaðar en nán fylgni er milli þessara þátta og vaxtar landsframleiðslu (VLF).

Hlutfall fyrirtækja með yfir 500 milljónir í veltu, að meðtöldum fyrirtækjum í fjármálageiranum, hefur aukist frá árinu 2009. Árið 2017 voru tæp 3% fyrirtækja með veltu yfir 500 milljónir króna en árið 2009 voru þau rétt um 2,1%.

Vöxtur í rekstrartekjum LMF (2008 – 2016)

Velta í milljónum króna



...en arðsemi lítilla fyrirtækja síst lakari

Arðsemi skiptir höfuðmáli í rekstri fyrirtækja. Þannig getur fyrirtæki með litla veltu en mikla arðsemi verið mikilvægara fyrir þjóðarbúskapinn en fyrirtæki með mikla veltu og litla arðsemi.

Með því að skoða arðsemi eigna en ekki eiginfjár fæst betri samanburður á milli fyrirtækja sem eru með ólíka skuldsetningu enda eru það eignirnar sem skapa arð óháð því hvort þær séu til komnar vegna skuldsetningar eða með eiginfjárframlagi.


Þrátt fyrir að stærri fyrirtæki hafi vaxið hraðar en þau minni á síðustu árum er ekki þar með sagt að arðsemi þeirra hafi verið meiri.

Arðsemin er einna mest hjá fyrirtækjum sem eru með veltu á milli 10 og 100 milljóna króna á ári.

Arðsemi stærstu fyrirtækjanna, mæld á þennan mælikvarða, er enn slök þótt hún hafi batnað frá hrúni, sérstaklega í ljósi þess að þá á eftir að taka tillit til fjármagnskostnaðar og skatta.

Arðsemi (hreinar rekstrartekjur / eignir)

Hlutfall (%) 2008 og 2016



Flestir vinna við verslun

... og margir þeirra hjá stórum fyrirtækjum


- Vinnuafsfrekasta atvinnugreinin er heild- og smásöluverslun.
- Í verslun, flutningum, iðnaði og sjávarútvegi eru stór fyrirtæki, með fleiri en 100 starfsmenn, allsráðandi.
- Stærri fyrirtæki eru nánast óþekkt í sumum

atvinnugreinum, svo sem í fasteignaviðskiptum, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu, sem og annarri þjónustustarfsemi.



Launakostnaður eftir atvinnustarfsemi

Miljarðar króna árið 2014 (efri hluti) og hlutfallsleg skipting (neðri hluti)



Mikil verðmætasköpun tengd fasteignum

...en ferðþjónustan sækir á

Vinnsluvirði er mælikvarði á alla þá verðmætasköpun sem verður til í fyrirtækjum, hvort sem að hún fer í að greiða starfsfólki laun, fara í fjárfestingar eða viðhald, greiða eigendum arð eða greiða skatta til samfélagsins.


Fyrir vikið má mæla verga landsframleiðslu (VLF) með því að taka saman vinnsluvirði allra fyrirtækja og annarra rekstraraðila (eftir að búið er að leiðrétta fyrir styrkjum og

sköttum). Þannig fæst góð mynd af hlutdeild fyrirtækja í VLF með því að skoða hlutdeild þeirra í vinnsluvirði.


Hér er aðeins verið að skoða verðmætasköpun sem verður til hjá lögaðilum sem skila skattframtölum og því er t.a.m. opinberi geirinn undanskilinn.

Vinnsluvirði LMF eftir atvinnugreinum (bálkum)

Hlutfall af vinnsluvirði allra LMF



Skipting vinnsluvirðis LMF eftir stærð fyrirtækja í ólíkum landshlutum




Framlag örfyrirtækja til efnahagslífsins mun meiri á Íslandi en í ESB

...á sama tíma er framlag stórra fyrirtækja mun minna

Framlag fyrirtækja af ólíkri stærð til vergrar landsframleiðslu (VLF)

Stærðarflokkur	Ísland	Hlutdeild	Hlutdeild í ESB
Fjöldi fyrirtækja	25.817	100%	100%
LMF samtals	25.756	99,8%	99,8%
Örfyrirtæki	24.248	93,9%	92,4%
Smáfyrirtæki	1.295	5,0%	6,4%
Meðalstór fyrirtæki	213	0,8%	1,0%
Stór fyrirtæki	61	0,2%	0,2%
Fjöldi starfsmanna	100.037	100%	100%
LMF samtals	71.699	71,7%	66,9%
Örfyrirtæki	26.321	26,3%	29,1%
Smáfyrirtæki	25.159	25,1%	20,6%
Meðalstór fyrirtæki	20.219	20,2%	17,2%
Stór fyrirtæki	28.338	28,3%	33,1%
Virðisauki	5,6 M.a. €	100%	100%
LMF samtals	3,9 M.a. €	70,1%	58,1%
Örfyrirtæki	1,7 M.a. €	30,2%	21,6%
Smáfyrirtæki	1,3 M.a. €	22,7%	18,2%
Meðalstór fyrirtæki	1,0 M.a. €	17,3%	18,3%
Stór fyrirtæki	1,7 M.a. €	29,9%	41,9%






Minni skuldsetning hjá meginþorra LMF

...ferðabjónustan ennþá skuldsettust


Verulega hefur dregið úr skuldum LMF frá árinu 2008 í öllum stærðarflokkum nema hjá þeim fyrirtækjum sem velta á bilinu 100 – 250 milljónum kr. og hjá minnstu fyrirtækjunum. Í flokki fyrirtækja með 100 - 250 milljóna kr. veltu jukust skuldir árið 2016 einkum hjá fyrirtækjum í heild- og smásölu.

Skuldir minnstu fyrirtækjanna, þ.e.a.s. þeirra sem eru með veltu frá 5-10 milljónir króna, jukust verulega árið 2012. Fyrirtæki í einkennandi greinum ferðabjónustu eru enn skuldsettari en önnur fyrirtæki. Skuldsetning þessara fyrirtækja skýrist af miklum fjárfestingum sem óhjákvæmilega fylgja hröðum vexti. Þrátt fyrir það hefur skuldsetning þeirra lækkað verulega og nálgast það sem tíðkast í öðrum greinum.

Skuldir fyrirtækja (milljarðar króna) eftir stærðarflokkum



Skuldahlutfall (skuldir / eignir) eftir bálkum atvinnugreina



Skuldahlutfallið fer lækkandi

Skuldahlutfall LMF og dreifing þess milli ólíkra fyrirtækja hefur batnað verulega.


Á árunum eftir hrun var töluverður fjöldi LMF mjög skuldsettur. Eftir því sem að árin hafa liðið hefur dregið verulega úr fjölda fyrirtækja í þeirri stöðu. Einnig hefur

fyrirtækjum sem að skulda mjög lítið fjölgað.

Þótt skuldir geti reynst fyrirtækjum þungar er nauðsynlegt fyrir þau að hafa gott aðgengi að lánsfjármagni, hvort heldur sem er vegna hefðbundins rekstrar eða fjárfestinga.

Skuldahlutfall fyrirtækja

Dreifing skuldafjárhlutfalls (skuldir sem hlutfall af eignum)



...en er enn hátt í alþjóðlegu samhengi

Skuldir íslenskra fyrirtækja og heimila, fyrir utan fjármála- stofnanir, námu 639,3% af vergri landsframleiðslu á árinu 2009, samkvæmt mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Það var langhæsta hlutfall nokkurrar vestrænnar þjóðar á þeim tíma.

Árið 2016 mældust skuldinar 259,3% af VLF.


Þegar skuldahlutföll eru borin saman milli landa ber að hafa í huga að aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er hagfelld. Einnig er algengara að íbúðarhúsnæði sé í séreign hér á landi en víða annars staðar. Þetta tvennt stuðlar að meiri skuldsetningu en ella.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur einnig metið það sem svo að skuldir fyrirtækja, annarra en fjármálafyrirtækja, hafi numið um 527% af VLF árið 2009. Síðan þá hafa skuldir þeirra lækkað mikið og námu þær 189% af VLF í árslok 2015. Þá hafði fjöldi fyrirtækja annað hvort verið endurskipulögð eða verið tekin til gjaldprotaskipta.

Skuldir fyrirtækja hafa lækkað mikið en samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands (Sí) námu skuldir fyrirtækja 86,3% af VLF í lok fjórða ársfjórðungs 2017. Samkvæmt tölum Sí voru skuldir fyrirtækja lægri en samanburður AGS gefur til kynna vegna annarrar aðferðafræði.

Skuldir fyrirtækja í alþjóðlegum samanburði

Skuldir fyrirtækja í nokkrum löndum án fjármálageirans (% VLF)



Eigið fé byggist upp

...nema hjá meðalstörum fyrirtækjum

Á síðustu árum hefur byggst upp eigið fé í öllum stærðarflokkum LMF. Það er áhugavert að í tilfelli meðalstórra fyrirtækja, sem hafa veltu á bilinu 250 – 500 milljónir króna, hefur eigið fé minnkað frá árinu 2013 til ársins 2016. Ekki er ljóst út frá gögnum hvers vegna það er.


Ekki liggja fyrir nýrri upplýsingar um eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja.

Bætt eiginfjárstaða skapar svigrúm til að takast á við framtíðaráföll.

Á sama tíma og eiginfjárlutfall LMF hefur batnað þá hefur arðsemi eiginfjár einnig aukist.


Eigið fé LMF eftir stærðarflokkum atvinnugreinabálka

Í milljónum króna




Ávöxtun eiginfjár LMF (ROA)

Dreifing fyrirtækja – svört lína er miðgildi



Eiginfjárlutfall

Dreifing fyrirtækja – svört lína er miðgildi



Launahlutfall stöðugt hjá LMF


...um og yfir fjórðungur af veltu í öllum stærðarflokkum

Laun og launatengd gjöld sem hlutfall af rekstrartekjum eru að jafnaði stöðug.


Hlutfall launa af rekstrartekjum er misjafnt eftir því hve fjármagnsrek atvinnugreinin er. Hlutfallið er hæst hjá félagasamtökum eða 2/5 en lægst hjá fjármagnsrekum veitufyrirtækjum og fasteignafélögum.

Laun og launatengd gjöld

Sem hlutfall af rekstrartekjum – eftir bálkum atvinnugreina (%)




Veltufjárhlutfall (e. current ratio) eftir bálkum atvinnugreina



Laun og launatengd gjöld

Sem hlutfall af rekstrartekjum – eftir stærð fyrirtækja (%)





Áskoranir LMF

Evrópusambandið hefur greint áskoranir LMF

- Markaðsbrestir (e. market failures): Áskoranir LMF geta verið ýmsar en þar má nefna sérstaklega fjármögnunarvanda, t.d. aðgang að framtaksfjármagni (e. venture capital). LMF geta átt í erfiðleikum með að fjármagna rannsóknar- og nýsköpunarstarf en einnig skort fjármagn til að aðlagast umhverfis-stöðlum.
- Oftar en ekki snýst vandamálið um að búa til vettvang þar sem fjárfestar með gott aðgengi að fjármunum hafi aðgang að frumkvöðlum sem eru með góðar hugmyndir en eru fjárfurfi. Slikur vettvangur er til víða um heim og jafnvel hér landi. Oftar en ekki þarf aðkomu stjórnvalda til að skapa sérstakan hvata til fjárfestingar í nýjum fyrirtækjum. Hér má nefna skattaafslætti sem eru í boði í mörgum löndum.
- Stofngerðarvandi (e. structural barriers): LMF þurfa oftar en ekki að komast yfir vanda eins og skort á stjórnunar- og tæknireynslu. Aðlögun að vinnumarkaðsreglum ásamt takmarkaðri þekkingu á alþjóðavæðingu. Í þessu sambandi má nefna að það er erfiðara fyrir LMF að fylgjast með þróun regluverks en stærri fyrirtæki. Nefna má nýlegt dæmi um innleiðingu reglna um persónuvernd.

Viðskiptaumhverfið á Íslandi

Regluverkið er álíka íþyngjandi á Íslandi og gengur og gerist í OECD


Stærð íslenska hagkerfisins setur fyrirtækjaumhverfinu skorður bæði hvað varðar stærðarhagkvæmni í rekstri og flóru innlendra fyrirtækja. Af þessum sökum eru flest fyrirtæki á Íslandi lítil í alþjóðlegum samanburði. Að sama skapi getur þetta leitt til þess að fyrirtækin eru óhagkvæmari í rekstri en ella.

Á sama tíma gerir smæð markaðarins það að verkum að samþjöppun á ýmsum mörkuðum getur verið mikil, sem getur dregið úr samkeppni og leitt til hringamyndunar eða annarrar samkeppnishamlandi hegðunar.

Um leið og mikilvægt er að regluverk sé til staðar sem stuðli að samkeppni má það ekki vera of íþyngjandi.

Samkvæmt mælingum OECD er regluverk fyrir framleiðslufyrirtæki álíka íþyngjandi og að meðaltali í OECD, en á öðrum sviðum mælist það vera meira íþyngjandi.

Mælikvarði á íþyngjandi áhrifum regluverks meðal OECD landa (vísitala)



Dýrt að hefja rekstur fyrirtækis á Íslandi


...samkvæmt Alþjóðabankanum og OECD

Viðskiptakostnaður við stofnun einkahlutafélags er nokkuð hár á Íslandi í samanburði við mörg önnur vestræn lönd. Alþjóðabankinn (World Bank) hefur metið það svo að Ísland sé í 55. sæti meðal þjóða heims þegar


kemur að því hversu auðvelt er að hefja rekstur fyrirtækis (e. starting a business). Varðandi viðskiptaumhverfi (e. ease of doing business) þá er Ísland í 23. sæti meðal þjóða heims.

Í hvaða sæti viðkomandi land er (raðtala / e. rank)

Ísland aftarlega á merinni þegar kemur að því hve auðvelt er að stofna fyrirtæki eða fá lánsfé



Regluverk sem skapa aðgangshindranir inn á markað




Framlag til rannsókna og þróunar sem hlutfall af VLF árið 2016

Framlag Íslands til rannsóknar- og þróunarstarfs hefur aukist verulega á undanföllum árum. Árið 2016 nam framlagið 2,1% af vergri landsframleiðslu og stóðum við jafnfætis Noregi og meðaltali ESB ríkjanna. Önnur samanburðarríki leggja mun meira til rannsóknar- og þróunarstarfs.

Svíar bera höfuð og herðar yfir önnur Norðurlönd í rannsóknum og þróun en einnig þegar kemur að skráningu einkaleyfa.

Framlag til rannsókna- og þróunarstarfsemi

Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%)



Mun meiri vöxtur rannsóknar- og þróunarkostnaðar hjá stærri fyrirtækjum

Frumkvöðullinn (e. entrepreneur) er einn mikilvægasti þátttakandinn í hagkerfi samtímans. Stundum tekst frumkvöðlum vel upp og stundum ekki. Menningar- munur er á milli þjóða hversu mikið umburðarlyndi frumkvöðlum er sýnt ef þeir ná ekki þeim árangri sem hagsmunaaðilar og almenningur kallar eftir.

Stórfyrirtæki eru oftast betur í stakk búin til að koma fram með nýjungar á markaði eða betrumbót á vöru og þjónustu þá eru frumkvöðlar lítilla fyrirtækja oftast en ekki lykhillinn að skapandi eyðileggingu, þ.e.a.s. að byltingarkenndum nýjungum. Þrátt fyrir þá staðreynd að mesta rannsóknar- og þróunarstarfsemi fari fram í stórfyrirtækjum koma margar nýjungarnar fram hjá minni aðilum. Minni fyrirtæki þurfa oftast en ekki að virkja ímyndunaraflið mannauðs síns til að ná til viðskiptavina. Hagransóknir hafa bent til að þetta sé rétt. Stórfyrirtæki bæta oft byltingarkenndar uppfinningar minni aðila t.d. með yfirtöku á starfsemi þeirra. Rannsóknirnar hafa sýnt að formleg rannsóknarstarfsemi fer fram í stórfyrirtækjunum. Hér má nefna fjármagnsfrékar rannsóknir og þróun á vegum stórfyrirtækja á sviði lyfjaframleiðslu, olíuvinnslu, flugíðnaðar, bifreiðaframleiðslu og svo framvegis.

Einn angur LMF eru svokölluð sprota- og nýsköpunar- fyrirtæki sem oftast en ekki eru tengd við ákveðna frumkvöðla eða ákveðna hugmynd. Einn mælikvarði er útgjöld til rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Ef horft er á mælikvarða sem Hagstofa Íslands skilgreinir þá kemur í ljós að meginhluti nýsköpunar fer fram í þeim fyrirtækjum á Íslandi sem eru með yfir 50 manns í vinnu. Hafa þeir í huga að nýsköpun þarf ekki að fela í sér uppfinningar eða byltingarkenndar nýjungar (e. drastic innovation).

Ef horft er til fjölda einkaleyfa sem gefin hafa verið út á Norðurlöndunum sést að Ísland hefur lengi verið eftirbátur annarra Norðurlanda. Í dag er Ísland á pari við Noreg miðað við einkaleyfi sem eru veitt á hverja milljón íbúa. Svíar bera hins vegar höfuð og herðar yfir önnur Norðurlönd hvað varðar fjölda einkaleyfa sem eru einn mælikvarði á nýsköpun og frumkvöðlavirkni.


Frekari samanburður á frumkvöðlavirkni og frumkvöðlaumhverfi meðal ríkja heims, sbr. myndirnar sem hér á eftir koma, sýnir sömu niðurstöðu meðal þróaðra ríkja. Betur má ef duga skal ef Ísland ætlar að leggja grunn að hagvexti til framtíðar með sköpun og tækniframförum.

Íslensk fyrirtæki eftirbátar

...flestra annarra Norðurlanda hvað varðar fjölda einkaleyfa

Veitt einkaleyfi

Fjöldi veittra einkaleyfa á hverja milljón íbúa



Nýsköpun og þróun er algengari í stærri fyrirtækjum en minni


...líkt og í öðrum löndum. Hagstofa Íslands framkvæmdi spurningakönnun fyrir árin 2012–2016

Samkvæmt spurningakönnun Hagstofu Íslands stundaði helmingur fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri einhverja nýsköpun. Nýsköpun felur í sér að ný vara eða þjónusta hafi verið sett á markað eða nýir verkferlar innleiddir. Áhugavert er að sjá að flest LMF leggja eitthvað fram til nýsköpunar. Áhugavert er að sjá að

stærri fyrirtæki hafa dregið eitthvað úr nýsköpunarstarfi sínu á árabílinu 2014–2016.

Nýsköpun nær til nýjunga eða endurbóta í vöru og þjónustu. Bættir ferlar, t.d. í framleiðslu.

Tíðni nýsköpunar hjá fyrirtækjum (%) eftir starfsmannafjölda í ólíkum atvinnugreinum



Um skýrsluna og fyrirvarar

Úttekt þessi á litlum og meðalstórum fyrirtækjum var unnin af Reykjavík Economics ehf. fyrir Íslandsbanka hf.

Auk upplýsinga úr opinberum gagnagrunnum, svo sem frá Hagstofu Íslands, OECD, Eurostat, Norrænu ráðherra-nefndinni o.fl., vann embætti ríkisskattstjóra (RSK) sérstaklega úr gögnum sínum vegna þessarar rannsóknar. Er embættinu þakkað gott samstarf.

Hvað gögn RSK varðar var annars vegar notast við yfirlitsgögn allra fyrirtækja sem skiluðu skattframtali fyrir viðkomandi ár og hins vegar fyrir LMF sérstaklega. Í gagnasettinu eru 28.600 fyrirtæki árið 2008 en 37.400 árið 2016. Aðeins eru fyrirbyggjandi gögn fyrir um 20.300 fyrirtæki fyrir árið 2017 (skattframtal 2018) og því var í flestum tilfellum aðeins notast við gögn til ársins 2016.

Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er unnin af Reykjavík Economics ehf. í samstarfi við Íslandsbanka hf. Aðalhöfundar eru hagfræðingarnir Magnús Árni Skúlason, Kári S. Friðriksson og Gunnar Haraldsson.

Skýrslan lýsir viðhorfum skýrsluhöfunda með fyrirvara um gæði gagna og upplýsinga.

Skýrslu þessa ber ekki að nota sem grundvöll til fjárfestinga og er brýnt fyrir lesendum að leita sér ráðlegginga hjá þar til bærum sérfræðingum.

Sérstakar þakkir

Fyrir hönd Íslandsbanka komu eftirfarandi starfsmenn að skýrslunni: Una Steinsdóttir, Marteinn Már Guðgeirsson, Bergsveinn Guðmundsson, Björn Berg Gunnarsson og Bjarni Helgason. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir samstarfið.

Við viljum þakka ríkisskattstjóra fyrir samstarfið og þá sérstaklega Páli Kolbeins sem lagði til gögn við vinnslu þessarar skýrslu.



Unnið af Reykjavík Economics fyrir Íslandsbanka.
info@reconomics.is

Höfundar: Magnús Árni Skúlason, Kári S. Friðriksson og Gunnar Haraldsson

Ljósmyndir: Ari Magg og Bernhard Kristinn

Sérvinnsla gagna: Ríkisskattstjóri – Páll Kolbeins

Útgáfudagur: 12. september 2018